

VÖLSUNGUR 90 ÁRA



12. APRÍL 2017

Til hamingju með afmælið Völsungar!

Nokkur orð frá ritstjóra

Pegar afmælisnefnd Völsungs kom að máli við mig fyrir nokkru síðan og viðraði þá hugmynd að fela mér ritstjórn á veglegu afmælisriti í tilefni af 90 ára afmæli Völsungs; þá þurfti ég ekki að hugsa mig um. Ég lít á það sem mikinn heiður að vera falið þetta ábyrgðarhlutverk og vona að mér hafi farnast verið ágætlega úr hendi.

Snemma var tekin ákvörðun um það að hér skyldi ekki rita sagnfræðilegt uppflettirit heldur yrði áherlsa lögð á létt og skemmtilegt efni í máli og myndum sem allir ættu að geta haft gaman af. Saga félagsins er full af afrekum og afreksfólki á sviði íþróttanna og ekki er hjá því komist þau komi upp í þessari yfirferð. Afrekin hafa þó ekki síður verið unnin utan vallar og því var lögð áhersla á að hlutverk Völsungs í samfélaginu yrði sjáanlegt í blaðinu.

Þá má nefna að blaðið er



hugsað sem nokkurs konar undanfari á frekari útgáfu í tilefni af aldarafmæli Völsungs sem er á næsta leiti. Undirbúningur fyrir útgáfu á heildstæðri sögu Völsungs er þegar hafinn. Hann hófst

á svokölluðu Söguverkefni Völsungs sem unnið var árið 2015 og styrkt af Verkefnasjóði Þekkingarnets Þingeyinga. Guðmundur Friðbjarnarson, núverandi framkvæmdastjóri Völsungs

sá um að taka viðtöl við fjölda fólks sem á einn eða annan hátt tengjast sögu félagsins.

Í blaðinu sem þú hefur nú í höndum má finna lítið brot úr þessum viðtölum. Þá hefur undirritaður safnað gögnum, tekið viðtöl og sankað að sér upplýsingum og fróðleik úr ýmsum áttum sem notaður hefur verið til að fylla þessar síður. Ljósmyndir blaðsins koma einnig víða að. Margar þeirra koma úr myndasafni Völsungs sem varðveitt er í Héraðsskjalasafni Þingeyinga, eitthvað var tínt til úr safni Víkurblaðsins og Skarps og úr myndalíbúnum ýmissa Völsunga. Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem hafa aðstoðað mig við efnisöflun, viðmælendum mínum og þeim sem hafa gefið mér góð ráð. Áfram Völsungur!

Egill P. Egilsson, ritstjóri



Völsungur og samfélagið

Völsungur stendur á tíma-mótum, félagið er 90 ára stofnað 12. apríl 1927. Við þessi tímamót er hollt og gott að líta um öxl og hugsa til ungu drengjanna sem fullir áhuga tóku þá ákvörðun að stofna íþróttafélag. Í upphafi var félagið eingöngu fyrir stráka á aldrinum 10-16 ára en stúlur fengu svo inngöngu á aðalfundi 22. febrúar árið 1933 og þá var dansað að loknum almennum fundarstöfum.

Má segja að frá þeim degi þegar dansinn var stigin hafi stúlur skapað Völsungi góðan og mikinn orðstír ekki síður en piltarnir. Félagið hefur vaxið og dafnað frá upphafsárunum og ég tel að við getum verið nokkuð ánægð með stöðu Völsungs í dag. Stofnendur og þeir sem á eftir hafa komið sýndu mikið hugrekki og dugnað við það að vinna félaginu brautargengi í upphafi tuttugustu aldar í ekki stærra bæjarfélagi en Húsavík var á þeim tíma.

Í upphafi voru aðallega stundaðar æfingar í knattspyrnu, glímu og frjálsum íþróttum. Aðstaða til íþróttæfinga var ekki mikil og á árunum 1932-1958 var ekkert til sem heitir sérhæft íþróttamannvirki í bænum. En það varð breyting á því sem hefur haft afgerandi áhrif á starfsemi félagsins.

Haustið 1959 var íþróttasalurinn við Barnaskóla Húsavíkur tekinn í notkun, sundlaugin vígð 1960, nýjar

skíðalyftur í Skálamel og Stöllum opnaðar um og eftir 1970, fyrsti grasvöllurinn tekinn í notkun 1977, Höllin okkar varð að veruleika árið 1987 og gervigrasvöllurinn vígður sumarið 2013. Með tilkomu þessara mannvirkja efldist öll starfsemi félagsins mikið og skapaði ákveðin þáttaskil. Öll þessi mannvirki voru reist og unnin í góðu samstarfi við bæjarfélagið sem skiptir miklu máli við uppbyggingu á starfsemi félagsins. Í dag eru iðkendur félagsins um 350 í níu íþróttagreinum sem er leiðbeint af 30 þjálfurum.

Völsungur hefur alltaf skipað stóran sess í bæjarlífi Húsavíkur. Félagið hefur í gegnum tíðina haldið úti skemmtunum og dansleikjum. Í dag hefur félagið umsjón með hátíðarhöldum á 17. júní, skemmtun við jólatréð, aðstoðar við áramótabrennuna og heldur utan um þrettándagleðina. Auk þessa birtist starfsemi deilda félagsins með fjölbreyttum hætti svosem leikjum, mótum, sýningum og uppskeruhátíðum.

Einkenni félagsins hefur alltaf verið sterkt og öflugt sjálfbæðaliðastarf. Það birtist í stjórnnum deilda, umsjón og skipulag með íþróttamótum, dómgæslu sem og allri þeirri vinnu sem verður að vera til þess að halda úti jafn öflugum íþróttastarfi og gert er innan félagsins. Virkni foreldra er aðdáunarverð og framlag þeirra til starfseminnar og samfélagsins er einstakt.



Guðrún Kristinsdóttir formaður.

Í gegnum áratugina hefur sveitarfélagið, styrktaraðilar og einstaklingar veitt félaginu mikinn og góðan stuðning sem aldrei má gleyma að þakka fyrir, án stuðnings frá þessum aðilum væri ekki hægt að reka íþróttafélag. Framlag þeirra hefur verið félaginu mjög mikilvægt við að skapa íþróttafólki okkar góðar aðstæður til þess að leggja stund á áhugamál sín. Með því leggja þeir lóð á vogskálarnar við að gera gott samfélag betra.

Í 90 ára sögu félagsins höfum við átt mikið af góðu íþróttafólki sem hefur skarað fram úr í sínum greinum. Við höfum átt ólympíufara, landsliðsfólk og unnið til verðlauna í mörgum greinum. Það er mikilvægt að félagið sýni samfélagslega ábyrgð og skapi öllum sem vilja iðka íþróttir jafna möguleika

ásamt því að veita þeim góðar aðstæður til að ná markmiðum sínum sama hver þau eru.

Framtíð Völsungs er björt ef við höldum áfram á þeirri braut sem við erum á í dag, við eigum að setja markið hátt. Hafa vel menntaða þjálfara fyrir börnin okkar og skapa þeim góða aðstöðu til æfinga. Umgjörðin skiptir máli. Yfirskrift 90 ára afmælis félagsins er „samfélagið og Völsungur“. Með því vildum við þakka samfélaginu fyrir framlag þess til starfseminnar og líka til þess að minna okkur sjálf á hlutverk okkar. Okkar sýn er að það þurfi „heilt þorp til að ala upp eitt barn“. Höfum það að leiðarljósi við starfsemi félagsins og leggjum okkur fram um að ná þessu mikilvæga hlutverki.

Guðrún Kristinsdóttir
formaður.

Umsjón og efnisvinnsla: Egill P. Egilsson.
Umbrot: Heiðar Kristjánsson.
Ábyrgðarmaður: Guðmundur Friðbjarnarson.
Forsíðu mynd: Gaukur Hjartarson.
Prentun: Ásprent.



Röðull Reyrr Kárasón skrifar:

Völsungur og samfélagið - 90 ára afmælissýning Völsungs



Röðull Reyrr Kárasón.

Í ár eru 90 ár liðin frá því að 27 ungir drengir stofnuðu íþróttafélag, sem í raun mætti kalla drengjaklúbb, þar sem enginn eldri en 16 ára hlaut inngöngu. Ungir drengir sem höfðu þó þann metnað að vera „fullorðnir“, skrifa fundagerðir, setja lög, hafa markmið og ekki síst að bæta hag og aðstæður ungs fólks og skapa félagsanda meðal þess. Í raun fullorðnuðust þeir fljótt og félagið með. Íþróttafélagið Völsungur fór að verða afl innan samfélag-

sins með þau markmið sem drengirnir settu klúbbnum í upphafi. Félagsskapur ungra drengja varð samfélag fullorðinna drengja og stúlkna sem fóru að móta samfélagið í kringum sig. Afrek þeirra voru ekki síst þau að hafa áhrif á samfélagið, hreyfa við því, vinna með því að eflingu félagsanda og að bæta hag æskunnar.

Í dag byggjum við (lesist Völsungur) á þessum grunni, ómeðvitað eða meðvitað, með óeigingjörnu

starfi foreldra, ættingja, vina og vandamanna og annarra sjálfboðaliða sem halda sama félagsanda á lofti og var í upphafi. Þann 12. apríl mun Völsungur fagna 90 ára afmælisdegi sínum með margvíslegum hætti, þar á meðal afmælissögusýningu í Menningarmiðstöð Pingeyinga á Húsavík.

Röðull Reyrr Kárasón
Sýningarstjóri 90 ára
afmælissýningar Völsungs



Kristján Þór Magnússon skrifar:

Í tilefni af 90 ára afmæli Íþróttafélagsins Völsungs

Ágætu Völsungar, nær og fjær.

Um þessar mundir eru 90 ár frá því að 27 ungir og framtakssamir drengir á Húsavík komu saman og stofnuðu Knattspyrnufélagið Víking(!), eftir félagi sem áður hafði verið stofnað á Húsavík en ekki lifað lengi, eins og fram kemur í III. bindi Sögu Húsavíkur. Nafni félagsins var hinsvegar breytt 1928 og hefur síðan heitið Íþróttafélagið Völsungur. Reyndar var kosið á milli tveggja nafna, annarsvegar Völsungs og hinsvegar Hemings. Hið fallega nafn fuglsins varð fyrir valinu og hefur verið hrópað til stuðnings okkar fólki á kappleikjum félagsins, æ síðan.

Það hafa verið stórhuga ungir drengir sem strax á öðrum fundi félagsins ákváðu að fara í keppnisferð fram í Reykjadal og keppa þar í knattspyrnu við jafnaldra sína. Aðeins viku eftir stofnun félagsins sat drengjahópurinn uppi á palli vörubíls, ferjaðir suðureftir til mótsins. Í Sögu Húsavíkur kemur fram að lítt hafi þurft að hvetja þennan góða hóp til fararinnar, enda allir mjög atorkusamir. Sennilega hefur þó ekki spillt fyrir að bæði sætabrauði og súkkulaði hafi verið lokað að kappleik loknum, á Helgastöðum.

Aðstæður félagsins hafa, eðli málsins samkvæmt, tekið miklum breytingum í tímans rás. Börnin okkar í dag eiga örugglega erfitt með að ímynda sér Húsavíkurhöfðann sem þann

dýrðarheim sem hann reyndist börnum í bænum á upphafsárum félagsins. Í dag þykir næsta sjálfsagt að æfa íþróttir allt árið um kring, á upphituðum gervi-grasvælinum á Húsavík eða innan veggja Íþróttahallarinnar. Þau glæsilegu mannvirki þjóna í dag veigamiklu hlutverki fyrir unga sem aldna er nýta þau til að efla líkamann og andann um leið.

Í dag á undirritaður þrjá litla Völsunga sem eðlilega hafa haft misstóran snertiflöt við félagið til þessa. Sem uppalinn Völsungur var tilfinningin einstaklega ánægjulega að sjá barnið sitt klæðast grænu treyjunni í fyrsta skipti í kappleik. Ég man vel hversu lífið snérist um fátt annað en fótbolta þegar ég var á sama aldri og elsta dóttir mín er í dag. Af ánægjunni sem skein úr andliti hennar eftir keppnisferð til Akureyrar nýverið sé ég og finn að fótboltinn og græna treyjan á hug hennar allan. En þótt keppnin sé mikilvæg sem slík, er svo sannarlega margt annað sem við njótum gegnum starfið með íþróttafélagi. Það mikilvægasta er að mínu mati lærdómurinn sem þú hlýtur af ferðalaginu sem félagið býður okkur uppá og þau tækifæri sem bjóðast til að proskast í leik við aðra. Það hlutverk sem félagið okkar hefur að efla félagsproskann og áhugahvötina um heilbriggt lífni er óumdeilt og mikilvægt okkur öllum. Það hlutverk hefur félagið tekið alvarlega og ég horfi björtum augum til framtíðar ef okkur



Kristján Þór Magnússon þótti leikinn með knöttinn.

lánast að halda áfram að gera betur í dag en við gerðum í gær. Samningar milli sveitarfélagsins og Völsungs hafa á undanförunum árum tekið meira mið af þessu hlutverki félagsins, sem og almennt heilsuefingu og forvörnum, sem er vel. Félagið er enda orðið Fyrirmyndarfélag innan ÍSí og stendur sig vel í að viðhalda þeim gæðum sem þarf, til að starfið megi vera til fyrirmyndar um ókomna tíð.

Húsvíkingar getað þakkað forsprökkum félagsins fyrir þann drifkraft sem fæddi félagið í upphafi og hefur með árunum sýnt sig að einkennt hefur starf Völsungs í gegnum tíðina. Fyrst og síðast ber að þakka fyrir allt það óeigingjarna starf á

vegum Völsungs sem samborgarar okkar hafa innt af hendi, hvort heldur sem er til stjórnarsetu, þjálfunar, stuðnings eða hvatningar á íþróttamótum hér og erlendis. Að mínum dómi hefur saga félagsins endurspeglast í þeim fallega degi í apríl 1928 er fyrsti kappleikur (og sigur!) félagsins fór fram í Reykjadal. Innan félagsins hefur ríkt gleði, dugnaður, samvinna og kærleikur fólks í millum og oftast en ekki stórir og sætir sigrar unnist, innan vallar sem utan. Ég óska þess heitast að félagið fái notið stuðnings samfélagsins alls hér eftir sem hingað til. Íþróttafélagið Völsungur lengi lifi!

Völsungskveðja,
Kristján Þór Magnússon,
sveitarstjóri

Áramótabrennurnar í Skálamel



Pétur Bjarnason.

Pétur Bjarnason tók virkan þátt í starfi Völsungs frá því hann var ungur drengur. Hér segir hann frá Drengjadeild Völsungs sem var mjög virk á 6. áratug síðustu aldar. Deildin tók að sér ýmis verkefni í þágu félagsins og samfélagsins alls sem ekki tengdust íþróttunum beint. Aðal hvatamaðurinn að Drengjadeildinni var Aðalsteinn Karlsson og gegndi hann formennsku í deildinni árum saman.

Eitt af þeim verkefnum sem drengjadeildin sá um var að safna í áramótabrennur efst í Skálamel. „Fyrst fórum við með ljósastaur úr timbri, drógum hann upp á spottum. Þar voru síðan grafnar holur, staurnum stungið ofan í og hann stífaður af. Þá voru þeir að hjálpa okkur mikið Freyr,

Dóri Ingólfs og Villi Páls. Allir þessir kallar stukkum til og hjálpuðu okkur að setja upp fyrstu uppistöðurnar. Í staurinn var fest blökk og svo var okkur útvegaður flatsleði mikill og stór sem við settum allt draslið á og svo var hann dreginn upp á spottum í gegnum blökkina. Þannig söfnuðum við í brennuna. Það var ekkert hægt að keyra þarna upp. Svo þegar sleðinn var tæmdur renndum við okkur á honum niður aftur. Ég man eftir einu atviki, þá vorum við þrír á sleðanum og fremstur var Júlíus Havstein. Það vildi ekki betur til en að við lentum á gaddavír. Júlíus skarst illa og var fluttur upp á sjúkrahús, það munaði engu að hann dræpist.“

Sigurjón Jóhannesson:

Kærasta Völsungsminningin



Sigurjón Jóhannesson fyrrum skólastjóri á Húsavík lék bæði knattspyrnu og handknattleik með Völsungum á sínum yngri árum og hefur tekið að sér ýmis störf í þágu félagsins. Hann rifjar upp eftirminnilegt atvik úr keppnisferð frá miðri síðustu öld.

Ég vartíu ára þegar ég gekk í Völsung og naut þessa að starfa þar meðan ég var þar þátttakandi. Var í knattspyrnuliðinu mörg ár sem keppti á Norðurlandsmóti í knattspyrnu og var oft fyrirliði. Var einnig í handknattleiksliði karla 1949 á Norðurlandsmóti, sem haldið var á Akureyri. Ég var ritstjóri og ábyrgðarmaður afmælisblaðs Völsungs sem gefið var út 1977 á 50 ára afmæli félagsins. Ein minnisstæðasta keppnisferð í mínum huga var farin 12. september 1952 á Norðurlandsmót sem haldið var á Siglufirði. Til að lækka ferðakostnað var m/b Hagbarður ÞH leigður til fararinnar. Fór liðið með honum svo og margir áhorfendur sem styrktu förina fjárhagslega um leið. Skipstjóri á bátnum var Þórarinn Vigfússon í Jörfa á Húsavík, þrautreyndur sjógarður. Vélstjóri var Halldór Bjarnason, einn af liðsmönnum Völsungs. Sameiginlegt matarfélag var um borð og matræðskonur þær systur Eva og Emilía Sigurjónsdætur frá Flatey á Skjálfanda. Stóðu systurnar sig frábærlega vel. Leikmönnum hafði verið smalað saman því að þeir voru að starfi víða um héraðið. Þeir sváfu um borð í bátnum sem bundinn var við bryggju á Siglufirði meðan á mótinu stóð. Gífurlegt hvassviðri stóð alla dagana og man ég ekki eftir að hafa keppt í slíkum stormi á mínum ferli með Völsungi. Brenndi ég af tveim vítum er boltinn þaut í loft upp vegna mótvinds. En ferðin var skemmtileg og félagsandi góður.

Sigurjón Jóhannesson

KNATTSPYRNA



Íþróttafélagið Völsungur var fyrir 90 árum síðan stofnað af 23 drengjum, utan um knattspyrnu. Á þessum 90 árum hefur fótboltinn ætíð skipað stóran sess í starfi félagsins. Það er óhætt að halda því fram að fótbolti sé sú íþrótt sem hefur átt mestum vinsældum að fagna, ekki bara á Húsavík heldur úti um allan heim. Það sýnir sig best í fjölda iðkennda sem og áhorfenda. Í gegnum tíðina hafa margir sigrar unnist á knattspyrnuvellinum en stærstu sigrarnir hafa þó unnist utan venjulegs leiktíma. Öflugt yngriflokkastarf, byltingar í aðstöðumálum og nú virðist kvennaknattspyrna loks á góðri leið með að öðlast þann sess sem hún á skilið.



Drengjafélagið Völsungur

Árið 1927 tóku sig saman 23 drengir á Húsavík og stofnuðu þann 12. apríl íþróttafélagið Völsung. Flestir voru drengirnir á feringaraldri eða yngri. Þegar fyrsta stjórn félagsins kom saman fullskipuð voru félagar orðnir 27 en fyrsta stjórn félagsins var þannig skipuð:

Formaður: Jakob Hafstein, varaformaður var Jón Bjarklind, gjaldkeri Jóhann Hafstein og varagjaldkeri Helgi Kristjánsson. Fyrsti ritari var Ábjörn Benediktsson og vararitari Benedikt Bjarklind.

Upphaflega hét félagið reyndar Víkingur en það var nafn á öðru félagi sem hætt var störfum og skildi eftir sig 15 króna sjóð sem hið nýja félag erfði. Fljótlega komu þó fram tvær tillögur að nýju nafni á félagið, Völsungur og

Hemingur. Ætla má að forn norræn sagnahefð hafi verið í hávegum höfð á Húsavík á þessum tíma því þangað voru bæði nöfnin sótt.

Í atkvæðagreiðslu varð nafnið Völsungur ofan á og hefur það síðan verið greytt í samfélagsvitund síðari kynslóða Húsvíkinga.

Í upphafi var Völsungur drengjafélag og nærri má geta að flestir eða allir húsvískir drengir á tilteknum aldri hafi tekið virkan þátt í starfi félagsins í árdaga þess. Þess má reyndar geta að í fyrstu lögum félagsins var sett ákvæði um að enginn félagsmaður mætti vera eldri en 16 ára. Þetta ákvæði var svo fljótlega felld úr gildi enda sáu drengirnir að þeir eltust eins og aðrir.

Árið 1933 gengu stúlkur í félagið í fyrsta sinn og segir í fundargerð frá þeim tíma



Lið í fyrsta lögfesta búningnum frá 1933. Fremsta röð f. v.: Sören Einarsson, Jónatan Helgason, Valdimar Vigfússon. Mið röð: Guðmundur Aðalsteinsson, Helgi Kristjánsson, Georg Jónsson, Jósef Björnsson.

Aftasta röð: Jón Kristinn Hafstein, Jakob Hafstein, Jóhann Hafstein og Hermóður Guðmundsson.

að þá hafi í fyrsta sinn verið dansað á félagsfundum. Stúlurnar sem flestar unnu við beitningar lögðu stund á handbolta sem fyrstu árin á Íslandi var fremur álitin

kvennaíþrótt. Skipulagðar æfingar hófust vorið 1934, æft var á Húsavíkurtúni þar sem nú er útiþróttasvæði Völsungs.

Ein elstu varðveittu lög Völsungs frá 1936.

Parna er búið að fella úr gildi ákvæði um að félagsmenn megi ekki vera eldri en 16 ára.

1. gr: Félagið heitir: „Íþróttafélagið Völsungur.“ Skammstafað „Í. F. Völsungur.“
2. gr: Heimilsfang þess er í Húsavík.
3. gr: Markmið félagsins er, að efla og iðka knattspyrnu, fimleika og aðrar íþróttir, stofna til íþróttamóta og íþróttasýninga og vekja áhuga félagsmanna og annara fyrir íþróttum.
4. gr: Aldur félagsmanna skal að öllu ótakmarkaður, og skulu í félagið eiga aðgang, jafnt karlar sem konur. Flokkaskipting félagsins skal háð lögum Í.S.Í.
5. gr: Árstíllög félagsmanna skal vera kr. 2.00 fyrir karlmenn eldri en 18 ára en fyrir aðra yngri félaga og konur kr. 1.00.
6. gr: Í stjórn félagsins sitja 8 menn: Formaður, gjaldkeri, ritari og þrír varamenn þeirra, ásamt áhaldaverði og bréfitara.
7. gr: a) Stjórnin skipti verkum þannig: Formaður boðar til fundar og stjórnar þeim, en sjálfur getur hann nefnt fundarstjóra í sinn stað. b) Ritari sér um bókun fundargerða, og heldur félagaskrá, er skal endurnýjast fyrir hvern aðalfund. c) Gjaldkeri skal hafa umsjón með fjárhag félagsins. Skal hann innheimta árgjöld, sjá um reikninga félagsins, og halda nákvæma sjóðbók. (Gjaldkeri má engan reikning greiða, nema hann sé samþykktur af formanni).
- d) Áhaldavörður skal gæta allra áhalda félagsins, og sjá um viðhald á þeim.
- e) Bréfitari skal annast bréfiðskipti félagsins, og aðrar skriftir í samráði við meðstjórnendur sína.
8. gr: Á aðalfundi skulu komnir 2 endurskoðendur, er endurskoði alla reikninga félagsins.
9. gr: Aðalfund skal halda í febrúar ár hvert. Skal hann rækilega boðaður, og er því aðeins lög mætur, að mættur sé 1/3 hluti þeirra félaga, sem staddir eru í bænum. Aðrir fundir eru lögmætir ef 12 menn eru mættir.
10. gr: Formanni er skylt að boða til fundar ef þess er krafist skriflega af minnst 12 félögum.
11. gr: Á aðalfundi skal stjórnin kosin og skipuð samkv. 6. gr. Kosning þessi gildir til 1 árs í senn, og skal hún leynilega fram fara.
12. gr: Á aðalfundi leggi formaður fram starfsskrá félagsins, og gjaldkeri skili af sér endurskoðuðum reikningum.
13. gr: Ævifélagi getur hver sá orðið sem greiðir kr. 25,00 í sjóð félagsins í eitt skipti fyrir öll.
14. gr: Úrsögn úr félaginu er því aðeins lögmæt, að hún komi skriflega á fund.
15. gr: Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi séu 2/3 hlutar gr. atkvæða með breytingunni.

Rígurinn við Akureyrarliðin



Elsta mynd sem til er af knattspyrnuliði Völsungs frá 1930, með Valsskjöldinn umdeilda. Fremri röð f. v.: Valdimar Vigfússon, Georg Jónsson, Þorleifur Sigurbjörnsson, Helgi Kristjánsson, Ásbjörn Benediktsson, Jón Bjarklind, Sören Einarsson. Aftari röð f. v.: Marteinn Steingrímsson, Magnús Bjarnason, Bjarni Pétursson, Jóhann Hafstein og Þráinn Kristjánsson.

Flestir sem iðkað hafa og keppt í íþróttum fyrir Völsung fyrr og síðar kannast við að sérstakt kapp hefur verið lagt á að leggja Akureyrarliðin Þór og KA að velli. Þessi mikli ríður hefur verið við lýði allt frá fyrstu árum Völsungs og hafa félögin alla tíð barist hatrammlega og oft hafa komið upp þrætuepli.

Upp úr 1930 kom upp fyrsta skráða deiluefnið á milli Völsungs og Akureyrarfélaganna. Deilan kom upp í kjölfar þess að knattspyrnufélagið Valur frá Reykjavík

kom til Akureyrar og keppti við KA, Þór og Völsung. Valsmenn gáfu þá skjöld, verðlaunagrip sem þessi Norðurlandslið lið skyldu keppa um í 2. aldursflokki samkvæmt reglum ÍSí.

Tvisavar sinnum fóru Völsungar með sigur af hólmi á Akureyri. Þegar keppa átti um Valsskjöldinn svo kallaða í þriðja sinn árið 1934 gengu Völsungar út frá því að leikið yrði á Húsavík. Af því varð þó ekki vegna þess að Akureyrarfélagin fengust ekki til að ferðast til Húsa-

víkur og auglýstu mótið þess í stað á Akureyri.

Ekki gátu Völsungar unað þessu, mættu ekki til leiks og kærðu málið síðar til dómnefndar ÍSí. Dómnefndin úrskurðaði að leikið skyldi aftur en tók hins vegar ekki fram hvar keppnin skyldi fara fram. Svo fór að Völsungur tók ekki aftur þátt í keppni um Valsskjöldinn og urðu samskipti á milli félaganna fremur stíð og af skorum skammti næstu árin á eftir.

Leikið á Húsavíkurhöfða

Á myndinni hér til vinstri leika Völsungar við gullaldarlið ÍA um miðjan sjöunda áratuginn á gamla aðalvellið á Húsavíkurhöfða.

Eiður Guðjohnsen sækir að Helga Daníelssyni markverði Skagamanna. Til hægri má þekkja Ingvar Þorvaldsson.

Völsungs- mólar

Úr á ávarpi formanns Völsungs, Þormóðs Jónssonar í 50 ára afmælisriti félagsins árið 1977:

„Á fyrsta starfsári var mikið ævintýri að fara á vörubílsþalli fram í Reykjadal og heyja keppni í knattspyrnu við jafnaldra þar. Síðar var ævintýri að fara til Akureyrar og keppa þar í knattspyrnu og handknattleik. Ekki voru til fjármunir að sækja Íslandsmeistara í handknattleik til Reykjavíkur, en það var stórkostlegt að fara til Akureyrar og sigra nýbakaða Íslandsmeistara í handknattleik kvenna.“

„Í gamalli stílabók, sem nú er því miður glötuð, í bili a.m.k., segir frá því hvernig Völsungar skiptu liði á íþróttæfingum. Þá gátu þeir talið leikmennina á fingrum sér þannig: Matti, Stjáni, Goggur, Venni, Helgi, Kobbi, Geiri, Söri, Nonni.“ Í dag þarf eitthvað fleiri hendur enda skipta félagsmenn Völsungs hundruðum.

Fyrsta keppnisliðið

Fyrsta keppnislið Völsungs var skráð 1928 til keppnis í knattspyrnu. Liðið var skipað þeim: Martein Steingrímssyni, Alberti Jóhannessyni, Sigtryggi Albertssyni, Jóhanni Henning Hafstein, Jakobi Valdemar Hafstein, Þráni Kristjánssyni, Kristjáni Theódórssyni, Jóni S. Bjarklind, Helga Kristjánssyni, Sören Einarssyni og Eggerti Jóhannessyni.



Völsungur upp í efstu deild



Yngstu Völsungarnir gera sig klára til að marsera inn á Húsavíkurvöll fyrir leikinn mikilvæga gegn Selfoss þar sem deildarmeistaratið innsglaður. Ljósmynd: Júlí Bessa.

Það þarf vart að deila um það að einn af hápunktunum í sögu Völsungs var þegar meistaraflokkur karla í knattspyrnu stóð uppi sem sigurvegari í 2. deild Íslandsmótsins og tryggði sér þar með sæti í efstu deild sem þá hét einfaldlega 1. deild.

Sætið í 1. deild var tryggt laugardaginn 6. september á Vopnafirði í leik gegn Einherja. Ég var rétt orðinn 8 ára gamall þegar þetta var og man í sjálfu sér ekkert eftir þessum leik en hef lesið mér til um að Einherji hafi verið betri aðilinn í leiknum og Jónas Hallgríms hafi tryggt Völsungum sigurinn með marki úr vítaspyrnu fimm mínútum fyrir leikslok. Hagstæð úrslit úr öðrum leikjum hafi gefið Völsungum 1. deildar sætið eftirsótt í fyrsta sinn í sögu félagsins.

Taumlaus gleði á Húsavík
Þó að ég muni ekki sérstaklega eftir leiknum gegn Einherja þar sem 1. deildarsætið var tryggt, þá man ég vel eftir því þegar Völsungur vann deildina. Þetta var dásamlegur tími því þetta

Jónas Hallgrímsson hefur aldrei misnotað víti fyrir Völsunga en skorað úr 21

Samkvæmt erlendum meðaltalsútreikningum knattspyrnusérfræðinga, þá er talið mjög gott að skora úr 8 af hverjum 10 vítaspyrnum, og aðeins þeir allra öruggustu ná því marki. Jónas Hallgrímsson, leikmaður Völsunga, sem tryggði liðinu 1. deildar sæti með því að skora úr vítaspyrnu gegn Einherja, hefur tekið 21 vítaspyrnu fyrir lið sitt á undanförunum árum og skorað úr öllum. 15 víti í deildinni, 1 í bikar og 5 í æfingaleikjum. Auk þess tók Jónas víti fyrir Eilíf í Mývatnssveit gegnum yngri flokkana, einnig fyrir HSP b og reyndar 2 víti fyrir KA. Og þar er sama sagan, hann hefur aldrei klikkað.

Það hlýtur því að fara koma að því að Jónas misnoti víti, annað væri brot á öllum lögmálum líkindareiknings. „Jú auðvitað kemur að því að maður klikkar, en ég hugsa ekkert sérstaklega um það. Mér líður yfirleitt mjög vel þegar ég tek víti og hef engar áhyggjur af því að mér mistakist,“ sagði Jónas. Hann bætti því við að vítið gegn Einherja hafi kannski verið óþarflega nákvæmt, stöng og inn, en hann var alltaf viss um að skora.

Og það gerði hann með glæsibrag, skoraði markið sem verður að teljast eitt það mikilvægasta í knattspyrnusögu Húsavíkur.

Fréttin er úr Víkurblaðinu, 10. september 1986.

snérist um svo miklu meira en bara ellefu Völsunga sem eltust við leðurduðru inná vellinum. Allt samfélagið á Húsavík var með og við bítungarnir í Henson-göllunum fengum að taka fullan þátt. Við upplifðum það líka þannig að við skiptum máli, marserandi í löngum röðum með fána og skyggishúfur inn á vallarsvæðið og ég blásandi í þokulúður sem ég hafði stolið af Olla bróður (ég held að hann sé enn að leita að honum).

Um sjöhundruð manns höfðu fyllt brekkuna og Ævari Áka brá annað slagið fyrir á bak við runnan við gamla kirkjugarðinn. Beisi formaður, sem var löngu orðinn afi okkar allra, þrammaði um með gjallarhornið og stýrði söngnum. Ég held að þetta hafi verið eins og



Íslandsmeistarar í annari deild ásamt þjálfara sínum. Aftari röð f.v.: Hallamar Freyr formaður, Þórhallur aðstoðarmaður, Bjarni, Eiríkur, Birgir, Helgi, Grétar, Sveinn, Svavar, Sigmundur og Guðmundur þjálfari. Fremri röð f.v.: Magnús, Skarphéðinn, Sigurgeir, Haraldur, Þorfinnur, Vilhelm, Jónas, Björn og Kristján. Mynd: JS.

Þegar best lét á Anfield, slík var stemmningin. Ég veit ekki hvort ég var meira upptekinn af því að upplifa hátíðina í kringum þetta eða það sem var að gerast inni á vellinum; allavega man ég ekki eftir neinu atviki úr leiknum öðru en því að Völsungur vann leikinn á sama tíma og KA tapaði á heimavelli fyrir Víkingum. Þar með skutu Völsungar Akureyrarliðinu ref fyrir rass og urðu deildarmeistarar í 2. deild. Eitthvað virtist það hafa komið forsvarsmönnum KSÍ í opna skjöldu því að þeir biðu inni á Akureyri með bikarinn. Þurfti því að bruna austur með bikarinn eftir að leikjunum var lokið og var hann afhentur á sigurhátíð í Félagsheimilinu síðar sama dag þar sem bæjarbúar fjölmenntu.

Engu líkara en að við værum heimsmeistarar
Ég gleymi aldrei fagnaðarlátunum sem brutust út, við krakkarnir þustum inn á völlinn og það gerði fullorðna fólkið líka. Fullorðnir dagsfarsprúðir karlmenn voru tárnotir og frávita af æsingi. Hafliði Jósteins sem helgina áður hafði látið mig

hafa nýjustu bíbliumyndina í safnið í sunnudagaskólanum var í einhverju sturlunarástandi og Ævar Áka sem var skriðinn út úr runnanum var hakkinu æstari. Ég man að í eitt augnablik stóð ég sem frosin í ótta-blöndnum gleðirús og vissi hreinlega ekki hvort að ég ætti að hætta mér inn í þvöguna. En skjótt sigraði gleðin óttann og ég blandaði mér inn í fögnuðinn; og ég held svei mér þá að Hafliði Jósteins hafi faðmað mig og



Jónas Hallgríms tolleraður í leikslok en það var vítaspyrnumark hans sem tryggði Völsungum deildarmeistaratitilinn.

kysst í öllum látunum, löngu búinn að gleyma bíbliu-myndunum
Gleðin sem heltók allt samfélagið þennan dag og dagana á eftir var ósvikin og ég held að a.m.k. brot af þessari gleði hafi fylgt okkur sem upplifðum hana alla tíð síðan. Það er á stundum sem þessum að maður áttar sig á svo ekki verður um villst hvað eitt íþróttafélag getur gert fyrir sjálfsmynd eins bæjarfélags.
-epe

Völsungs- mólar

KA klúðraði sigri í annari deild

Þetta var fyrirsögnin í Degi 15. september 1986 eftir að Völsungur hafði skotið KA-mönnum ref fyrir rass og farið með sigur af hólmi í deildinni. „Það var mikil stemmning ríkjandi fyrir leik KA og Víkings í síðustu umferð Íslandsmótsins. Stuðningsmenn KA fylktu liði á völlinn og hvöttu liðið dyggilega í upphafi leiksins með lúðrum og tilheyrandi. KA-mönnum dugði jafntefli í þessum leik til þess að sigra í annari deild og voru menn bjartsýnir á að það tækist. En margt fer öðruvísi en ætlað og með slökum leik auðvelduðu KAmenn Völsungum sigur í deildinni,“ segir í frétt Dags.



Þegar KS frá Siglufirði og Víkingar úr Reykjavík gerðu jafntefli í næst síðustu umferð 2. deildar í knattspynu karla varð ljóst að Völsungur var kominn upp í 1. deild í fyrsta sinn í sögu félagsins.

Þegar formanni Völsungs, Hallmari Frey Bjarnassyni (Beisa) barst til eyrna að leikurinn hafi verið lélegur og illa leikinn varð honum að orði: „Nú, það kemur manni ekkert á óvart. Þetta eru 2. deildar lið.“

Helgi Helgason:

Kærasta Völsungsminningin

Fyrsta gula spjaldið.

Helgi Helgason lék árum saman bæði handbolta og fótbolta með Völsungi, m.a. gullaldarliðinu sem vann 2. deild í fótbolta 1986 og lék með liðinu tvö tímabil í efstu deild. Hér rifjar hann upp fyrsta gula spjaldið á ferlinum.



Ég var ekki einn af þeim sem safnaði gulum spjöldum og lenti aldrei í leikbanni. En samt kom það fyrir að ég fékk að líta þau, flest ósanngjörn.

Ég byrjaði að spila með meistaraflokki Völsungs 1976. Ég var svo heppinn að alast upp á Húsavík með mikilli íþróttakynslóð. Við vorum mestan okkar íþróttiferil alin upp í faðmi Svenna Páls og Villa Páls.

Þegar við, nokkrir af strákunum héldum áfram upp í meistaraflokk, ég, Haffi bróðir, Siggí Gunnapalla, Siddi Alla, Ingó Beysa, Maggi Hreiðars og fleiri, hittum við fyrir marga af leikmönnum Völsungs sem voru okkur miklar fyrirmyndir.

Þarna kynntumst við nýjum félögum, Hreinsa Elliða mesta baráttumanni sem ég hafði nokkurn tíma kynnst, Magga Torfa, snillingi innan vallar sem utan og Adda Guðlaugs náttúrulegum leiðtoga. Þarna voru líka heimamenn, margir af 54 árgerðinni. Jóí Sigurjóns, Júlli Bessa, Palli Rikka og Gvendur Jóns. Að sjálfsgöðu voru miklu fleiri hetjur heimamanna þarna. Má þar nefna Hemma Jónasar, Halla Pússa, Rúnar Ara, Siggá Síma og Ingólf Kota. Við ungu strákarni vorum meira hissa en nokkuð annað í kringum þessar hetjur og hrifumst með þeim.

Þessi eftiminnilegi atburður, fyrsta gula spjaldið, var áráðanlega í leik á móti Haukum. Mér finnst í minningunni að við værum alltaf að spila á móti þeim. Þetta var hörku leikur og dómariinn var langt í frá okkur hagstæður. Hreinsi var löngu orðinn brjálaður og við hinir með. Það var samt alveg sama hvað á gekk, alltaf sá Jóí Sigurjóns eitthvað spaugilegt í stöðunni. Við Jóí spiluðum oftast saman á miðjunni. Þegar þarna var komið í leiknum og ég alveg orðinn trylltur var Hreinsi negldur niður og ekkert dæmt. Þarna var ekkert fyndið. Við Jóhannes stóðum aftan við dómaraann og sá Jóí líka húmor í þessu. Hann leit til mín hlægjandi og sagði: „Djöfull er hann vitlaus.“ Dómariinn snéri sér við og sá nettan brosandí Ketilsbrautardrenginn og brjálæðislegann Grafabakkastrákinn, sem þarna hafði ekki sagt neitt, og gaf honum, Grafabakkastráknum, umsvifalaust gult spjald.



6. flokkur Völsungs eftir Tommamótið í Vestmannaeyjum 1988 þar sem b-liðið náði í silfurverðlaun.



Kiwanis klúbburinn Skjálfandi hefur í nokkur ár staðið fyrir Kiwanis-mótinu í fótbolta fyrir yngstu flokkana, stelpna og stráka. Myndin er tekin þegar Völsungar öttu kappi við Þór 2016.



Hér sést uppistaðan í 3. flokki kvenna í fótbolta ásamt nokkrum 2. flokks stelpum 1992.

Ráku bolta 50 km



Laugardaginn 15. júní á því herrans ári 1991 stóðu ungir strákar í 6. flokki Völsungs í fótbolta fyrir fjóröflun vegna ferðar á Shell-mótið í Vestmannnaeyjum.

Strákarnir voru mættir klukkan 10 að morgni á

Húsavíkuvöll hvar þeir röktu bolta alls 125 hringi á hlaupabraitinni eða 50 kílómetra.

Víkuna áður höfðu piltar gengið í hús í bænum og safnað áheitum fyrir gjörningin og safnaðist vel.



Meistaraflokkur kvenna í fótbolta 1993.

Silfurmerki Völsungs hafa hlotið

Silfurmerki félagsins er veitt fyrir frábær störf í þágu félagsins en þó aldrei fyrr en eftir 15 ára starf.

Jón Benónýsson - 2012

Bragi Sigurðsson - 2012

Kristín Magnúsdóttir - 2012

Hrönn Steinþórsdóttir - 2012

Júlíus Bessason - 2012

Pétur Helgi Pétursson - 2012

Birgir Steingrímsson - 1997

Arnar Guðlaugsson - 1997

Árni Sigurðsson - 1997

Björg Jónsdóttir - 1997

Magnús Þorvaldsson - 1997

Ævar Ákason - 1997

Garðar Jónasson - 1997

Sveinn Pálsson - 1997



Harpa Ásgeirsdóttir: *Kærasta Völsungsminningin*



Harpa í baráttunni við fyrrum samherja sinn Huldu Ósk Jónsdóttur.

Harpa Ásgeirsdóttir leikur með meistaraflokki Völsungs í fótbolta og er ein besta knattspynukona sem félagið hefur alið af sér. Þótt fótboltinn hafi verið hennar aðalsport síðari ár þá stundaði hún lengi vel fimleika, handbolta og skíði með góðum árangri. Harpa er metnaðarfull og kraftmikil kona og ófeimin við að taka til hendinni í félagsstarfi Völsungs. Betri fyrirmynd er erfitt að finna:

Þegar ég hugsa til baka um einhverja skemmtilega Völsungsminningu eru auðvitað margar sem koma upp í hugann. Allt frá því þegar maður var bara lítil stelpa og eyddi öllum stundum í höllinni að spjalla við Valda húsvörð á milli æfinga og svo þegar maður varð orðin leikmaður í meistaraflokki kvenna.

En ef ég á að velja einhverja skemmtilega Völsungsminningu hlýtur hún að tengjast fótbolta þar sem hann hefur verið hluti af mér síðan við Haddi (Hallgrímur Jónasson) byrjuðum að sparka í kjallaranum hjá honum 5 ára gömul og allt fram til dagsins í dag. Ég á margar góðar minningar frá því þegar ég var eina stelpa sem æfði alltaf með strákunum, ég man sérstaklega eftir því þegar við vorum á Essomótinu og ég var að fara að taka aukaspurnu þá heyrði ég þjálfarann í hinu liðinu segja: „Er stelpa að fara að taka aukaspurnuna“. Þetta gaf mér bara aukinn kraft og að sjálfsögðu skoraði ég) Þegar komið var í 11 manna bolta mátti ég svo ekki lengur spila með strákunum, þannig að ég hætti í einhvern tíma. Það var svo árið 2006 að meistaraflokkur kvenna var endurvakinn, ég man að við vorum nokkrar ásamt Sveinbirni sjúkrapjálfa (hann var aldrei kallaður annað) sem söfnuðum undirskriftum um hverjar ætluðu að vera með. Loksins varð draumur minn að veruleika, ég spilaði leik fyrir Völsung í meistaraflokki kvenna. Síðan þá hefur meistaraflokkur kvenna verið starfandi og kvennaknattspyrnan orðin jafnstór hluti af Völsungi og karlaknattspyrnan. Það er mikill heiður og frábært í minningabankann að hafa tekið þátt í þessu og einnig að hafa spilað 116 leiki fyrir félagið.

Herrakvöld Völsungs

Glaumur, dans og gleði



Ein öflugasta fjáröflun knattspyrnudeildar Völsungs síðustu ár hefur verið hin margrómuðu Herrakvöld Völsungs. Pétur Helgi Pétursson segir frá því hvernig þau komu til.

„Það var búið að halda herrakvöld einu sinni hér á Húsavík. Það voru bara leikmenn sem héldu það. Svo árið eftir var engin tilbúinn til að halda þessu áfram. Þá varð úr að við tókum okkur saman nokkrir félagarnir og bjuggum til hóp. Það voru ég, Ingólfur og Sverni Freys og Garðar Jónasar. Svo réðumst við í það að halda þessi herrakvöld hér á Húsavík, ætli það hafi ekki verið í kringum 2005 og tókst vel til; þau voru oft æði skrautleg.

Þetta snerist þó alltaf fyrst og fremst um fjáröflun og óhætt að fullyrða að við höfum safnað inn fleiri

milljónum fyrir fótboltann með þessu móti.

Það kom svo að því að okkur langaði að prófa að

færa þetta suður á höfuðborgarsvæðið og fá brottflutta Húsvíkinga til að koma saman og hafa þá opið



Ekki fylgir sögunni að hverju Ingólfur Freys, Peddi og Garðar Jónasar eru að hlæja en það er eflaust einhver tímalaus snilld.



Frimann kokkur tekur nokkur vel valin lög á Herrakvöldi Völsungs.

fyrir karla og konur. Það var reyndar eitthvað búið að prófa þetta áður en þá hét það Húsavíkingakvöld, og var þá ekkert á vegum Völsungs. Við drifum okkur bara með þetta suður. Við höfðum ævinlega verið með þetta á Hótelinu heima og fengið allt gratis þar. Norðlenska hefur gefið matinn þannig að kostnaður hefur verið lítil og enginn og allur ágóði runnið beint í fótboltann. Norðlenska hélt áfram að gefa matinn fyrir Húsavíkur-

kvöldin. Við höfum verið á Spot í Kópavogi, þar var eldað fyrir okkur. Svo fórum við í Kaplakrika, þar vorum við með kokka með okkur. Ævar Austfjörð eldaði í eitt skiptið og svo kom Borkur Emils með sitt fólk og eldaði fyrir okkur í annað skipti. Það hafa verið að koma allt frá 100 og upp í 150 manns. Gamlir Völsungar og brottfluttir Húsavíkingar. Við höfum verið með málverka-
uppboð á málverkum sem Ingvar Þorvaldar hefur gefið og Diddi Hall. Svo höfum við



verið með uppboð á treyjum og allskonar happdrætti.

Svo hafa ýmsir troðið upp með skemmtiatriði þar sem allir hafa gefið sína vinnu. Einu sinni fórum við með Frimann og Hafliða með okkur, þeir spiluðu fyrir dansi. Það eru allir til í allt í þessu. Ef það er fyrir Völsung, þá segja menn ekki nei.

Treyjuuppboðin hafa verið að gefa vel. Við erum td búnir að bjóða upp tvær áritaðar Chelsea-treyjur af Eiði Smára og tvær frá því hann var í Barcelona. Þær gáfu okkur samanlagt 2 milljónir. Svo vorum við með áritaðar handbolta-treyjur af íslensku strákunum í Kiel í Þýskalandi.

Miðað við þátttökuna sem var í hitteðfyrri ákváðum við að fresta þessu um eitt ár. Það gæti vel verið að í tilefni af 90 ára afmæli Völsungs að við höldum herrakvöld fyrir sunnan í haust, það er verið að skoða það," sagði Pétur Helgi Pétursson.



Peddi og Hjalti Hálfðánar bjóða upp áritaða Barcelona-treyju Eiðs Smára.

Eftirtaldir aðilar óska Völsungi tíð hamingju með 90 ára afmælið



Hóll ehf
Höfða 11 - 640 Húsavík
Sími/Fax: 464 2200
e-Mail: holl.ehf@simnet.is
Kt. 620788-1559 - Vsk.nr. 01161
VINNUVÉLAR • VERKTAKAR



Landsvirkjun

MAGNÚS ÞORVALDSSON
SINDRI INGÓLFSSON
INGÓLFUR FREYSSON
GUÐRÚN KRISTINSDÓTTIR
LÚÐVÍK KRISTINSSON
JÓNA MATTHÍASDÓTTIR
BIRKIR ÞÓR JÓNASSON
ARNAR BRAGASON
JÓN HELGI VIGFÚSSON
FRÍÐGEIR BERGSTEINSSON
HULDA JÓNSDÓTTIR
SÓLVEIG ÓMARSÓTTIR
HULDA ÓSK JÓNSDÓTTIR
RÓBERT RAGNAR SKARPHÉÐINSSON
NORÐURÞING

BOCCIA



Það má segja að röð tilviljana hafi ráðið því að Boccíadeild Völsungs var stofnuð árið 1990. Kiwanismenn á Húsavík komu að stofnun deildarinnar á sínum tíma og hafa veitt henni forstöðu síðan. Starfið hefur öll árin verið afar blómlegt og verið mikil lyftistöng fyrir fatlað íþróttafólk. Einnig hafa eldri borgarar lagt stund á boccia um árabíl og tekið þátt í mótum sem haldin hafa verið. Þá hafa sjö fatlaðir íþróttamenn frá Völsungi keppt í boccia á mótum erlendis.



Egill Olgeirsson skrifar:

Boccia í 27 ár



Egill Olgeirsson hefur ásamt félögum sínum úr Kiwanisklúbnum Skjálfanda á Húsavík unnið mikið og óeigingjarnt starf í þágu Völsungs. Hann segir hér frá því hvernig það kom til að Bocciadeild Völsungs var stofnuð en þá hafði Egill unnið lengi á sveitarstjórnar vettvangi að málefnum fatlaðra.

Sagan á bak við stofnun Bocciadeildar Völsungs var svolítið sérstök og skemmtileg og ástæða til að rifja hana upp.

Á þessum tíma var nýr starfsmaður hjá Íþróttasambandi Fatlaðra (ÍF) Anna K. Vilhjálmssdóttir, dóttir Védísar og Villa Páls og starfar hún þar enn í dag og er nú einnig framkvæmdastjóri Special Olympics á Íslandi. Hún hafði nefnt það við föður sinn hvort ekki væri kominn tími á að Húsvíkingar tækju þátt í íþróttastarfi fatlaðra. Hún fylgdi því svo eftir með símtali og hvatti hann til að finna einhvern sem væri tilbúinn að mæta á Sambandsþing ÍF til að

kynnast íþróttastarfi fatlaðra eða hvort fulltrúi frá Völsungi vildi ekki gera það?

Villi vissi að það kostaði peninga að senda menn á þing og honum datt það snjallræði í hug að hafa samband við kiwanismenn í Skjálfanda og spurði hvort þeir vildu styrkja eins og einn mann á þing ÍF og auðvitað sögðu kiwanismenn já við svona góðu erindi og það frá okkar virta læriföður.

En Villi er fylginn sér og þegar hann var búinn að fá já, þá sagði hann „hafið þið ekki einhverja góða menn sem hægt er að senda?“ Úr varð að einn kiwanisfélagi Bragi Sigurðsson tók að sér að mæta á sambandsþing,

hann hreyfst af hugsjóninni og því starfi sem ÍF var að vinna að og vildi að Kiwanisklúbburinn Skjálfandi styddi og beitti sér fyrir undirbúningi að stofnun íþróttafélags fyrir fatlaða hér á Húsavík og boltinn fór að rúlla.

Þannig má segja að Kiwanisklúbburinn Skjálfandi hafi í sjálfu sér verið frumkvöðull að stofnun Bocciadeildar Völsungs með því að hlýða kalli Villa, sendi strax einn mann á þing ÍF sem leiddi til þess að úr varð vakning þegar hann kom heim og Kiwanisfélagar ákváðu að vinna að því að stofna íþróttafélag fyrir fatlaða á Húsavík. Niðurstaðan af

þeim viðræðum, við Villa og stjórn Völsungs með þátttöku góðra starfsmanna í nýstofnuðu sambýli fyrir fatlaða í Sólbrekku 28, var að það væri áhugi að stofna deild innan Völsungs sem og við gerðum.

Boccia-deildin verður til

Það kom í hlut okkar Braga að vera fulltrúar Kiwanisklúbbsins í þessari undirbúningsvinnu með starfsmönnum í sambýlinu þeim Lilju Sæmundsdóttir og Kristínu Magnúsdóttur. Þessi aðdragandi og undirbúningur var árið 1989 og síðan var Bocciadeild Völsungs formlega stofnuð 24.

mars 1990. Í fyrstu stjórn voru frá Kiwanis, Bragi Sigurðsson formaður og Egill Olgeirsson, frá Sambýlinu Kristín Magnúsdóttir og Lilja Sæmundsdóttir og svo fulltrúi Völsungs Arnar Guðlaugsson.

Allt frá stofnun eða í meira en aldarfjórðung hefur starf deildarinnar dafnað vel, þróast og verið öflugt. Við höfum sent keppnisfólk á helstu mót landsins öll árin þ.e. Íslandsmót, bæði í einstaklings- og liðakeppni, Hængsmót á Akureyri sem er ígildi Íslandsmóts og búið að halda árlega í yfir 35 ár og náttúrulega öll minni mót sem við höfum komist á. Bocciadeildinni hefur þegar verið falið að halda Íslandsmót fyrir hreyfinguna, fyrst 1995 og svo aftur 2006 sem er náttúrulega stórvirki fyrir svona litla deild að halda yfir 200 manna Íslandsmót í boccia í einstaklingskeppni en það gekk bara með afbrigðum vel í bæði skiptin. Nú á afmælisári Völsungs sóttum við um að halda næsta Íslandsmót sem haldið verður í október, var það samþykkt af stjórn ÍF og er undirbúningur þegar kominn á fullt.

Annað sem við erum stolt af er mikið og gefandi samstarf við önnur íþróttafélög fatlaðra á Norðurlandi sem eru auk okkar tvö á Akureyri, Eik og Akur, Snerpa á Siglufirði og Gróska á Sauðárkróki. Fljótlega eftir stofnun hvöttum við til þess að það yrði haldið Norðurlandsmót í boccia og komum því á, það hefur verið haldið alla tíð síðan á hverju ári sem er ekki svo algengt í öðrum íþróttagreinum. Það gengur þannig fyrir sig að það er bara ákveðin röð á því hvaða félag tekur við keflinu og það gengur alltaf hringinn að halda mótið þ.e. Húsavík, Akureyri, Siglufjörður, Sauðárkrókur og aftur til Akur-

eyrar því þar eru tvö félög. Norðurlandsmótin eru alltaf haldin á haustin og eru hin bestu mót.

Snýst líka um vináttu

Svo finnst mér ástæða til að nefna annað sem við erum ánægð með. Bocciadeildin hefur átt gott samstarf við vinafélag á Austurlandi sem er Viljinn á Seyðisfirði, en við náðum góðum tengslum við hann í gegnum Íslandsmót og félagar í báðum félögunum hafa tengst vináttuböndum. Við höfum boðið þeim á Norðurlandsmótið þegar við höfum haldið það og þau keppt þar sem gestir. Þannig að við höfum ræktað gott samband við Austfirði líka sem mér finnst sögulega ánægjulegt því á fyrstu árum Völsungs voru mikil og góð samskipti við Austfirðinga.

Opna Húsavíkurmótið

Til fjölda ára hefur það verið fastur liður í árlegri fjáröflun Bocciadeildarinnar að standa fyrir Opna Húsavíkurmótiinu í boccia með dyggum stuðningi Kiwanisklúbbsins Skjálfanda, en það er liðakeppni í formi firmakeppni fyrir almenning og hefur þátttaka alltaf verið mikil og mótið hin besta skemmtun.

Rekstur deildarinnar hefur ávallt gengið vel öll þessi 27 ár frá stofnun og flest ár sloppið við að safna skuldum. Það er m.a. vegna þess að við höfum haft trausta og góða stuðningsaðila víða og verið dugleg í fjáröflun. Í mótsferðum hefur oftast verið búið á gistiheimilum eða á hótélum og ferðast með hópferðabílum, þannig að ferðakostnaður er mikill.

Nú á seinni árum höfum við oftast ferðast með rútu frá Fjallasýn, sem við höfum átt mjög mjög gott samstarf við. Það hefur verið meginregla

Kristbjörn Óskarsson:

Kærasta Völsungsminningin



Kristbjörn Óskarsson og Anna María.

Mín kærasta minning er þegar ég tók þátt í Special olympics world games árið 1995 í Minneapolis í Bandaríkjunum. Ég var fyrstur til á fara á leikana frá Völsungi en svo hafa fleiri fylgt í kjölfarið. Ég man að þegar Egill Olgeirs tilkynnti mér að ég hefði verið valinn til að fara þá átti ég bág með að trúa því. Ég hélt að hann væri að fíflast í mér. Svo fékk ég bréf frá Íþróttasambandi fatlaðra og þá vissi ég að ég væri að fara.

Þetta var allt ákaflega skemmtilegt. Ég keppti í boccia, en það var keppt í alls konar greinum til að mynda sundi en Anna María Bjarnadóttir sem síðar varð konan mín keppti einmitt í sundi. Það var á leikunum sem ég kynntist Önnu Maríu fyrst. Tveimur árum síðar flutti hún til mín til Húsavíkur. Það eru að verða 20 ár síðan, það sem tíminn flýgur. Þannig að það má segja að ég hafi unnið á fleiri vígstöðum en á bocciavellinum. Ég hitti hana fyrst í liðsrútnni og við fórum að spjalla saman. Mér fannst hún sæt og vildi kynnast henni betur.

Fyrst þegar við komum út þá gistum við tvo sólarhringa í heimahúsum. Við lentum hjá mjög almennilegum hjónum og húsið sem við vorum í var yfir 100 ára gamalt. Við máttum hafa það bara eins og heima hjá okkur.

Við vorum tvær vikur úti en keppnisdagarnir hjá mér voru aðeins þrír svo það vara nógur tími til að kíkja í búðir og dýragarð og margt fleira. Þjálfarinn minn hún Anna var alveg yndisleg – Eitt sinn fór hún í verslunarferð og vildi endilega að ég kæmi með. Svo vildi hún að ég veldi handa henni brjóstahaldara og ég valdi skærbleikan. Það þarf kannski ekki að koma fram en hún var alls ekki ánægð með valið. Það er ekki á hverjum degi að kvenmaður biður mig um að velja handa sér brjóstahaldara.

Svo var haldið heilmikið lokahóf og þá máttum við bjóða hjónunum sem við bjuggum hjá fyrstu dagana. Það var mjög gaman.

Þegar við fluttum út af heimili hjónanna sem ég man reyndar ekki hvað hétu fluttum við á mjög fínt hótél. Maturinn var samt ekkert sérstakur. Þetta var mikið til pasta eða hveiti eins og fólk vill kalla það. Maður fékk nú hálf leið á þessu fyrir rest þannig að maður var farinn að laumast til að fá sér hamborgara og franskar. Við sögðum nú ekkert frá því þarna úti. En ég smakkaði ekki pasta mjög lengi á eftir.



Á Bocciamóti á Húsavík, ártal ekki á hreinu.

að formaðurinn hefur keyrt rútna sem við höfum leigt frá Fjallasýn á hagstæðu verði. Oft hafa þetta verið langar ferðir eins og t.d. þegar farið var á Íslandsmót vestur á Ísafjörð, suður á Reykjanes, Selfoss, til Vestmannaeyja og á Austfirði. Fyrstu árin var Pétur Skarp-héðinsson aðal bílstjóri

deildarinnar, hafði hann sérstakt lag á að halda þessum hópi við efnið og á ferðum var mikil gleði og sungið mikið á leiðum og haft gaman. Þegar maður lítur yfir þetta langa tímabil hafa ferðafélagarnir þroskast mikið og þjálfast í ferðum og á mótum. Fyrstu árin voru ferðirnar frekar erfiðar

fyrir okkur fararstjórana því okkar fólk var ekki vant að ferðast mikið og þurfti mikla aðstoð og þurfti að hugsa um hvert smáatriði. Í dag er ferðirnar orðnar algjör leikur og ganga smurt og ekki nokkur vandamál.

Lökendur á öllum aldri, til sjávar og sveita

Deildin stendur vel fjárhagslega og starfið þróttmikið og frekar að aukast heldur en hitt sem er mjög ánægjulegt. Lökendur í vetur eru kringum tuttugu í fötlunaráhópnum auk 4-5 í krakkahópnum sem hefur verið starfandi innan deildarinnar s.l.



Ingólfur Freys, Steini, Kiddi Óskars, Dudda, Hörður, Erla Ír og Gerða færa Erni bankastjóra Íslandsbanka blóm fyrir veittan stuðning við Boccia-deildina.

þrjú ár. Þá er deildin alltaf innvikluð í bocciastarfið hjá eldri borgurum þar sem iðkendur hafa fjölgað síðustu ár og eru nú milli 30 og 40. Iðkendur hafa ekki bara verið frá Húsavík, það hafa verið með einstaklingar úr Mývatnssveit, Reykjadal, úr Bárðardal og austan úr Öxarfirði. Bárðaðælingurinn Ásgrímur Sigurðsson er búinn að vera með okkur í yfir fimmtán ár og kemur í hverri viku á æfingar yfir veturinn.

Margir hafa komið að þjálfun hjá deildinni gegnum árin, fyrst var það Ingólfur Freysson íþróttakennari, þá Arnar Guðlaugsson í nokkur ár og nú síðustu árin Anna María Þórðardóttir og lengst af einnig aðrir stjórnarmenn í sjálfböðavinnu. Þá höfum við reynt að fá ungt fólk til liðs við okkur í þjálfun og fylgja með á mótum, sumir hafa starfað með okkur í eitt og tvö ár þannig að þetta hefur bara gengið ágætlega. Á síðustu árum hefur verið byrjað að greiða smávegis fyrir þjálfun og hefur Völsungur lagt áherslu á að þær greiðslur væru upp á borðinu sem tekjur og þjálfarar væru á launaskrá en það hefur ekki gert okkur neitt auðveldara með að



Sigurgeir Aðalgeirsson hefur dæmt á fjölmörgum Bocciamótum.

fá fleiri leiðbeinendur og þjálfara til starfa með okkur.

Á öll mót í yfir 25 ár

Stjórnarmenn allt frá upphafi hafa ætíð reynt að fylgja hópnum á sem flest mót sem fararstjórar og þjálfarar. Þar hafa farið fremst í flokki formaðurinn Bragi sem oftast en ekki hefur einnig verið bílstjóri í keppnisferðum og Kristín Magnúsdóttir sem farið hefur á öll þessi mót í meira en 25 ár og held ég að fáir geti toppað það afrek hennar. Þá hefur Bragi sem formaður frá upphafi unnið mikið og óeigingjarnt starf fyrir deildina og verið óþreytandi við að halda merkjum hennar á lofti og

vinna að íþróttamálefnum fatlaðra og á þessum tíma sótt flest þing ÍF síðan hann fór á fyrsta þingið að tilstuðlan Villa Páls og Kiwanisklúbbsins Skjálfaanda 1989. Deildin stendur í mikilli þakkarskuld við Braga fyrir þetta fórnfúsa og mikla starf en hann lét af formennsku Bocciadeildarinnar á liðnu ári.

Hafa tekið þátt í mótum erlendis

Stjórn deildarinnar hefur flest ár sótt um til ÍF að senda liðsfélaga á þau mót erlendis sem eru í boði. Það er eins og í öðrum greinum að valið er fólk til þátttöku af ÍF, það er þá komið í lands-

liðsklassa í viðkomandi grein þar sem samkeppnin er orðin gríðarlega hörð. Okkur hefur þó nokkrum sinnum tekist að komast í gegnum nálaraugað og okkar fólk verið valið til þátttöku á mótum erlendis, Evrópumótum, Special Olympics bæði í Evrópu og USA svo og mótum á Norðurlöndunum. Á þeim mótum hafa okkar keppendur oftast en ekki unnið til verðlauna í Boccia og verið Íslandi og félagi sínu til mikils sóma. Frá okkur hafa farið á Special Olympics og Evrópumót: Kristbjörn Óskars, Olgeir Heiðar, Vilberg Lindi, Jóna Rún, Þorgerður, Ásgrímur og nú síðast á Evrópumót Sylgja Rún. Þá var Anna María Þórðardóttir með henni sem þjálfari fyrir bocciahópinn og í framhaldi af því var Anna síðan valin af ÍF í farastjórarahóp og til að þjálfar bocciahópinn sem fór á síðasta Special Olympics vestur í henni Ameríku. Við í Bocciadeildinni erum stoltir af því, það er mikil viðurkenning og upphefð sem safnast í reynslusarpinn.

Ástundun og metnaður lykillinn að árangri

Að vera góður í boccia og öðrum greinum sem stundaðar eru innan ÍF og keppa á Íslandsmótum og jafnvel á mótum erlendis, krefst eins og í öðrum íþróttum að hinn fatlaði íþróttamaður þarf að leggja mikið á sig, stunda æfingar af kappi, sýna reglusemi og aga í hvívetna til að ná árangri.

Á Íslandsmótum í einstaklingskeppni mæta til keppni yfir 200 keppendur og keppt í sex deildum, í upphafi byrjar hver einstaklingur í neðstu deild. Okkur hefur gengið vel að vinna okkur upp um deildir og í dag eigum við nokkra keppendur í 1. deild. Sama á við sveitakeppni þar er líka deildaskipting



Hannes og Olli með verðlaunagripni á opna Húsavíkurmóti í Boccia.

og eigum við nú þrjú lið í 1. deild, tvö í 2. deild og eitt í 3. deild. Þá höfum við nokkrum sinnum eignast Íslandsmeistara bæði í einstaklings- og liðakeppni svo og Hængsmótsmeistara sem er mót af sama styrkleika og Íslandsmót. Kristbjörn Óskarson var Hængsmótsmeistari síðast 2014 en hann er einn okkar reyndasti keppnismaður; hóf að æfa boccia þegar deildin var stofnuð og er enn að í toppbaráttunni. Hann var valinn íþróttamaður Húsavíkur árið 2001 og aftur 2014 og það ár einnig valinn bocciamaður HSP. Ávallt hefur verið öflugt starf innan Bocciadeildarinnar, þar er lögð mikil áhersla á ástundun við æfingar, reglusemi, árangur og metnað í starfinu.

Paulsetin stjórn

Stjórn deildarinnar hefur verið nokkuð þaulsetin og því lítil endurnýjun enda engin biðröð af fólki sem hefur viljað taka þetta að sér. Sumir hafa starfað frá upphafi en aðrir dottið út vegna brottflutnings. Okkar frábæri formaður frá upphafi, Bragi Sigurðsson, baðst lausnar á síðasta ári og ég tók við keflinu fyrst um sinn, aðrir í stjórn eru nú Kristín Magnúsdóttir, Anna María Þórðardóttir og Sigmundur Hreiðarsson. Að starfa í íþróttafélagi er krefjandi og tímafrekt en



Anna Karólína Vilhjálmsdóttir og Ásgrímur Sigurðsson

um leið einstaklega skemmtilegt og gefandi ekki síst að starfa með svo frábæru fólki og er í Bocciadeild ÍFV. Allt frá stofnun hefur samstarf við Kiwanisklúbbinn Skjálfanda verið mikið og gott og hann verið helsti styrktaraðili deildarinnar alveg frá upphafi og er enn í dag.

Bylting fyrir fötluð börn

Eins og fram kom í upphafi þessa pistils tel ég íþrótt- og æskulýðsstarf Völsungs gríðarlega mikilvægt í samfélaginu og nánast samofið öllum þáttum mannlífs á Húsavík. Það er ómetanlegt það starf sem íþróttafélag eins og Völsungur er að gegna og ætti að hafa miklu hærri sess í huga al-

mennings en það e.t.v. gerir. Ég sé bara þetta sem við höfum verið að dunda við fyrir íþróttir fatlaðra, að fyrir 25 árum þegar við byrjuðum voru komin félög víða um land en hér þekktu menn íþróttir fyrir fatlaða nánast ekki neitt. Ef að barn var fatlað eða eitthvað var að þá datt það út strax þegar það kom í skóla, þá var ekkert tilboð hugsað fyrir það á þessum vettvangi. Það er ótrúleg upplifun fyrir þessa einstaklinga að hafa þessi tækifæri og taka þátt í íþróttum eins og aðrir, utan við það hvað þetta er frábær hópur þegar hann kemur

saman og ég tala ekki um þegar hann hittir annað fólk sem býr við sömu aðstæður allt í kringum landið. Mín lokaorð til Völsunga í tilefni 90 ára afmælisins eru góðar óskir til hins síunga afmælisbarns í þeirri staðföstu von og trú að Völsungur fái að dafna og eflast um alla ókomna framtíð eins og hann hefur gert hingað til í 90 ár, húsvískri æsku og þingeysku samfélagi til mikilla heilla.

Egill Olgeirsson
Formaður

Bocciadeildar Völsungs

Gullmerki Völsungs hafa hlotið

Gullmerki félagsins er veitt fyrir frábær störf í þágu félagsins en þó aldrei fyrr en eftir 25 ár starf.

Anna Rúna Mikaelisdóttir - 2015

Hafliði Jósteinsson - 2015

Rúnar Arason - 2015

Halldór Ingólfsson - 2012

Sigurjón Jóhannesson - 2012

Höskuldur Sigurgeirsson - 2012

Védís Bjarnadóttir - 2012

Haukur Logason - 2012

Sigríður Böðvarsdóttir - 2012

Þormóður Jónsson - 2002

Sigurður Hallmarsson - 2002

Halldór Bjarnason - 1997

Guðrún Ingólfssdóttir - 1997

Vilhjálmur Pálsson - 1997



Egill og Binni Halldórs á góðri stund.

BARDAGAÍÞRÓTTIR



Bardagaíþróttir hafa átt mikilla vinsælda að fagna á Íslandi undanfarin ár. Árið 2003 reið Jan Aksel Harder Klitgaard á vaðið og stofnaði Karatedeild Völsungs. Aðsóknin var mjög góð um tíma og lagði fjöldi barna og unglinga stund á íþróttina um nokkurra ára skeið. Jan Axel hætti þegar hann hóf að stunda nám 2010 og í kjölfarið kom Trausti Már Valgeirsson inn á sviðið og vildi stofna Taekwondo-deild innan Völsungs. Þá var ákveðið að breyta nafni Karatedeildarinnar í Bardagaíþróttadeild og hefur taekwondo verið stundað innan hennar síðan.





Svipmyndir frá heimsókn Bardagadeildar Völsungs til Egilsstaða, það eru um 25 iðkendur sem æfa Taekwondo að jafnaði með Völsungi. Það eru nokkuð jöfn hlutföll á milli stráka og stelpna þ.e. um 16 krakkar sem æfa og 8 í fullorðins flokki.

HANDBOLTI



Handknattleikur barst fyrst til Íslands um 1920 en var lítið stundaður fyrr en um eða eftir 1930 og var þá mest stundaður af konum. Leikið var utanhúss fyrst á grasvöllum en síðar á steyptum völlum. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og öll aðstaða orðið betri. Litli íþróttasalurinn í Barnaskólanum pótti bylting í aðstöðu fyrir handbolta og aðrar greinar, ekki síst fyrir þá staðreynd að þar var hugsað fyrir aðstöðu fyrir áhorfendur. Þegar Íþróttahöllin á Húsavík er tekin í gagnið árið 1987 er aðstaðan svo loks orðin eins og best getur orðið.

Konur hafa í gegnum tíðina borið hróður handboltans á Húsavík víða um land og oft átt lið í fremstu röð á landsvísu.

Karlahandboltinn hefur á tíðum einnig verið öflugur og mikil stemmning myndast í kringum hann.

Þá hefur Völsungur síðustu áratugi staðið fyrir öflugu yngriflokkastarfi sem mikill sómi er að, þó vinsældir íþróttarinnar hafi stundum verið eitthvað sveiflukenndar.

Porkell Björnsson skrifar:

Ekki hlæja að ófríða forstjóranum

Porkell Björnsson starfaði um árabíl fyrir hanknattleiksráð Völsungs. Hér segir hann á gamansaman hátt frá fjáröflunarferð sem hann fór í ásamt Péttri Helga Péturssyni til Reykjavíkur í upphafi 10. áratugar síðustu aldar:

Það var ljóst að til að halda svo stórt og öflugt handboltamót þurfti talsvert fjármagn og það var ekki til staðar. Stjórn handboltaráðs afréð að reyna að sækja það fé þar sem helst var að finna, það er að segja á Stórreykjavíkursvæðið. Haft var samband við allmörg fyrirtæki og falast eftir stuðningi við verkefnið. Fengum við úthlutuðum tíma hjá hverju og einu sem vildu við okkur tala. Hagkerfið var við bærilega heilsu og efna-hagsreikningur margra fyrirtækja í blóma. Það varð að ráði að Pétur Helgi Pétursson og ég vorum kvaddir til farar. Lögðum við af stað einn eftirmiðdag og komum að kveldi til borgarinnar. Hafist var handa í bíti næsta morguns. Nú þurfti að hafa snör handtök og taktviss, mörg fyrirtæki þurfti að heimsækja og ekki máttum við dvelja lengi hjá hverju þeirra.

Frómt frá sagt gekk þetta bærilega, við fluttum vel æfðan pistil yfir forráðamönnum fyrirtækjanna þar sem við lögðum áherslu á mikilvægi þess að æska landsins kæmisaman og ætti huggulega samverustund í kyrrlátu og fallegu samfélagi úti á landi þar sem ekki aðeins væri keppt í vinsælli íþrótt heldur og ekki síður að þarna yrði boðið upp á kvöldsamkomu þar sem allir þátttakendur kæmu saman og kættust með kóki og "vallash" og dilluðu sér yfir töfrandi tónum húsvískra tónlistarmanna, sem væru engum líkir. Þarna ættu eftir

að myndast vinabönd sem næðu langt út fyrir gróf og dauða. Var gerður góður rómur að málflutningi okkar og vel hlustað á framsögu-ræður okkar. Pétur Helgi fór á því líkum kostum þegar honum tókst best til og mærdi og lofsöng vort samfélag af því líkri innlifun að dásemd var á að hlýða.

Ég held að þessi málflutningur Péturs hafi gert það að verkum að oftlega komum við frá fundi með stóra ávísun upp á vasann (ávisanakerfið var í fullum blóma á þessum tíma, þeir sem yngri eru og þekkja ekki til verða að spyrja þabba eða mömmu hverslags fyrirbæri það var).

Segir ekki af ferðum okkar fyrr en ferðinni var heitið til síðasta fyrirtækisins á listanum. Það var stöndugt fjölskyldufyrirtæki og starfar enn. Það er væntanlega enn í fullum blóma.

Rétt í þann veginn sem ég er að seilast í hurðarhúnninn stekkur Pétur fram, þrífur í axlirnar á mér og segir grafalvarlegur með uppglenntum augum "þú mátt ekki fara að hlæja þegar þú sérð hann". "Ha" segi ég, "um hvern ertu að tala?" "Nú forstjóran" sagði Pétur. "Hvað mein-arðu" sagði ég. "Jú, hann er svo ófríður" "Hvað er þetta maður, af hverju ætti ég að fara að hlæja þótt ég sjái ófríðan mann?" "Já en hann er svo rosalega ófríður. "Já, já, ég hef séð marga rosalega ófríða menn og jafnvel konur líka, en mig rekur ekki minni til að hafa hlegið vegna þess."



Porkell Björnsson.

Pétur var orðlaus um hríð og áfram hélt ég um hurðarhúnninn og beið ítarlegrar útskýringar.

Eftir smá stund kom: "Já, en maðurinn er svo ljótur að það ætti að banna honum að koma fram". Nú fannst mér ég nægilega upplýstur um væntanlegan viðmælanda okkar, þakkaði Péttri fyrir frábærar upplýsingar og stakk mér inn fyrir dyrnar. Við gerðum grein fyrir okkur í móttökunni og skömmu síðar birtist áður nefndur forstjóri, brosmildur á svip og bauð okkur inngöngu á skrifstofu sína. Ég viðurkenni að hafa séð fállegra bros, en það var eitthvað við fas og framkomu mannsins sem mér fannst miklu meira heillandi en það andlit sem skaparinn hafði gefið honum. Viðtökurnar voru frábærar, hann skrifaði þá stærstu ávísun sem okkur

hlotnaðist í ferðinni. Þarna varð okkur ljóst að þessi ferð okkar hafði gefið af sér heila eina milljón króna, svo margfalt meira en okkar væntingar stóðu til. Við kvöddum þennan ljúfa forstjóra með virtum og andartaki síðar stóðum við glaðbeittir úti á lóð fyrirtækisins. Við settumst á stóran stein þarna úti á lóðinni og höfðumst ekki að um hríð. Báðir örugglega að dásama í huganum hve ferð okkar hafði gengið vel.

Pétur varð fyrri til að rjúfa þögnina: "Ég tek þetta allt til baka" sagði hann. Ég leit á vin minn og sá að hann var dapur og klökkur "gott ef það glitti ekki í tár í auga"

"Maður sem gefur Völsungi svona mikla peninga er hreint ekkert ljótur maður."

Toyotamótið í handbolta:

Prekvirki í fjáröflun



Í fjöldamörg ár hafa verið haldin fjölmenn handboltamót á Húsavík fyrir yngri flokka stráka og stelpna. Undanfarin ár hefur mótið gengið undir nafninu Húsavíkurmótið í handbolta en það hefur verið að minnka í sniðum frá því sem áður var. Fyrstu árin var mótið haldið í samstarfi við Toyota og urðu mótin mjög fjölsótt. Pétur Helgi Pétursson var í handknattleiksráði árið 1991 þegar mótið varð að veruleika. Hann segir frá því hvernig það kom til að handknattleiksráð Völsungs réðist í svo veigamikil verkefni.

„Þetta byrjaði þannig að við förum suður, ég og Oggi [Porkell Björnsson] til að safna peningum fyrir félagið. Okkur fannst komið nóg af því að vera alltaf að væla um peninga hjá sömu fyrirtækjunum í bænum alla tíð. Þannig að vildum prófa að róa á önnur mið og fengum mjög góðar viðtökur hjá flest öllum. Við vorum búnir að ná í helvíti mikinn

pening. Svo þegar við erum hjá Toyota, þá er þar maður, Reynir nokkur Grímsson. Hann er Húsvíkingur og spilaði lengi með Völsungi. Hann var aðal maðurinn hjá Toyota þá. Hann langaði að gera eitthvað sem minnti verulega á fyrirtækið en ekki bara setja peninga í þetta. Hann stakk upp á því að við myndum búa til svona mót. Og það varð úr að við fórum í samstarf við Toyota um þetta stærðarinnar mót,“ segir Pétur en mótið varð strax mjög stórt í sniðum „Þetta voru einir 4-5 flokkar, bæði stelpur og strákar. Á fyrsta mótinu voru yfir 200 börn og svo stækkaði þetta og stækkaði.“

Pétur segist hafa komið að undirbúningi og utanumhaldi á þessum mótum fyrstu 3-4 árin og bendir á að þegar þeir voru að skipuleggja mótið hafi þeir haft önnur stór krakkamót til hliðsjónar eins og t.d. Tommamótið í fótbolta sem þá hét og var haldið í Vestmannaeyjum. „Það var hins vegar með

þessu mót að það var svo dýrt að fara þangað og þátttökugjöld voru há. Hér tókum við þann pólinn í hæðina að hafa engin þátttökugjöld. Við bjuggum líka til mótuneyti í Barnaskólanum þar sem hægt var að fá ódýrari mat en tíðkaðist á svona mótum annarsstaðar.“

Til þess að allt gengi smurt fyrir sig gáfu fjölmargir foreldrar sig fram og hjálpuðu til. „Það voru foreldrar sem sáu um matseldina og það

heppnaðist svona ljómandi vel. Svo fengum við að heyra frá t.d. foreldrum fyrir sunnan og skrifað var um það í staðarblöðum í Gravarvogi og víðar að þau höfðu bara ekki kynnst þvílíku viðmóti eins og Húsvíkingar sýndu og utanumhaldið hafi verið til fyrirmyndar,“ segir Pétur en viðurkennir að menn hafi nú ekkert vitað hvað þeir voru að fara út í. „Við vorum bara að renna blint í sjóinn - við höfðum aldrei gert neitt



Stúlknaðið Völsungs á Húsavíkurmóti í handbolta.

Þessu líkt. Það má líka segja að við höfum hreinlega sfið uppi í höll þessa helgi, við kunnum ekkert á þetta. En þetta tókst þetta vel til.“

Það má segja að mót af þessari stærðargráðu eins og Toyotamótið og síðar KP-mótið og Húsavíkurmótið hafi verið hagvaxtaraukandi fyrir bæinn. Þótt svona mót séu fyrst og fremst sett á laggirnar í fjóröflunarskyni fyrir félagið sem heldur það, þá kemur mikið af fólki inn í bæinn í tengslum við svona viðburð. Keppendur, þjálfarar, fararstjórar og foreldrar. Það má því ekki vanmeta hversu mikil lyftistöng þau fjölmörgu stóru íþróttamót sem Völsungur hefur staðið að eru fyrir lítið bæjarfélag eins og Húsavík. Það sem mestu máli skiptir er samt alltaf það sem krakkarnir fá út úr þessu. Tækifæri til að keppa í íþróttinni sinni við jafnaldra sína alls staðar að á landinu. Þarna þroskast börnin um leið og þau hafa gaman og skapa sér minningar og vináttutengsl sem vara lífið út.



Hlaðið í skot á Húsavíkurmóti.



Ungir Völsungar á Húsavíkurmóti.



Úr frægum leik Völsungs gegn stórlíði FH í 32. liða úrslitum bikarkeppni karla í handbolta árið 2010. Leikurinn endaði 23 - 46 fyrir öðru liðinu en hitt liðið þótti hafa staðið sig vel miðað við að vera tiltölulega nýbyrjað að æfa saman.

Völsungs- mólar

Kiwanisklúbburinn Skjálfandi stendur árlega fyrir vali á íþróttamanni ársins á Húsavík.



Árið 2000 varð fyrir valinu Sigurbjörg Hjartardóttir handknattleiks- og frjáls-íþróttakona. Sigurbjörg náði þeim árangri að verða valinn besti maður ársins bæði í handknattleik og frjálsum íþróttum. Um árangur hennar sem besti handknattleiksmaður ársins 2000 á Húsavík segir: Sigurbjörg hefur æft handbolta frá unga aldri með Völsungi og leikið stöðu markvarðar. Hún var aðalmarkvörður Völsungs í 2 fl. kvenna og var áður valin í unglíngalandsliðið. Hún vakti vakið mikla athygli fyrir frammistöðu sína.

Sigurbjörg skipaði sér á bekk með allra bestu markvörðum landsins í handknattleik. Sigurbjörg hafði tvívegis áður verið kosin Íþróttamaður Húsavíkur, árin 1997 og 1998.

Heimsmet í handbolta?



Tólf handboltamenn úr Völsungi létu sig hafa það að hlaupa 100 km í kulda og trekki um bæinn, kastandi á milli sín handbolta. Þetta var gert í fjáröflunarskyni á annan í páskum 1991 og hljóp hver og einn um 8-9 km. Arnar Guðlaugsson, þjálfari strákanna sagði gjörninginn hafa heppnast vel. Áheitalistar höfðu legið frammi í sjoppum, bensínstöðvum og verslunum þar sem fólk gat skrifað sig fyrir áheimum. Á sjálfan hlaupadaginn var einnig hægt að skrá áheit í Hlöðufelli sem

þá var félagsaðstaða Völsungs.

Áheitasöfnunin gekk vel eins og hlaupið en bæjarbúar voru duglegir að skrá sig fyrir áheitum; enda hafði ákveðið staðarblað á Húsa-vík látið í veðri vaka að þetta hlyti einfaldlega að vera heimsmet. Hver vill ekki styrkja slíkt!?

Það hefur reyndar ekki fengið staðfest hvort um heimsmet hafi verið að ræða, en við látum það standa enda kannski eina heimsmet Völsunga.



Fyrstu íslandsmeistarar Völsungs, annar fl. kvenna utanhús 1969. Fremri röð frá v.: Katrín Freysdóttir, Herdís Snorradóttir, Jónína Sigurðardóttir, Ásthildur Bjarnadóttir, Hafdis Harðardóttir. Aftari röð frá v.: Björg Jónsdóttir fyrirliði, Hulda Skúladóttir, Sigprúður Sigurbjörnsdóttir, Arnprúður Karlsdóttir, Sveinn Pálsson. Á myndina vantar Önnu Óladóttur og Guðrúnu Aðalsteinsdóttur.



Parna er leikið á grasi á Grænavelli 1960.



Handknattleikur kvenna á steypa völlum við skólana líklega árið 1973. Margrét Jónsdóttir skorar frá vítalínunni.



**ORKUVEITA
HÚSAVÍKUR**

*Óskum Völsungi innilega til hamingju
með 90 ára afmælið og velfarnaðar
á komandi árum.*



BRETTI

SAH BRETTI · Urðargerði 1 · 640 Húsavík
Símar: 464 1020 & 864 1020 · Kt.: 650808-2230



STEINSTEYPIR
STEYPA · JARÐVINNA · KJARNABORANIR · MÚRBROT



VÍKURRAF EHF
RAFVERKTAKAR - VERSLUN - HÚSAVÍK
SÍMAR 464-1600 - 863-3900 - WWW.VIKURRAF.IS

2%

LAUNAHÆKKUN

MEÐ SÉREIGNARSPARNADI ÍSLANDBANKA



ALMENNINGSÍÞRÓTTIR



Innan Völsungs starfar deild sem sér um almenningsíþróttir. Undir deildina geta líka fallið íþróttagreinar sem eru nýjar af nálinni á Húsavík. Markmið deildarinnar er að efla almenningsíþróttir innan Völsungs. Starfsemin miðast við að veita þeim sem að öllu jöfnu taka ekki þátt í keppnisíþróttum innan Völsungs möguleika á að efla sál og líkama með þátttöku í almennri líkamsrækt. Einnig er markmiðið að búa til vettvang fyrir íþróttagreinar sem eru að stíga sín fyrstu skref í bænum.



Grímsbikarinn

Saga í máli og myndum



Á sumardaginn fyrsta 1976 var fyrst keppt um Grímsbikarinn í víðavangshlaupi á Húsavík. Grímur Bjarnason frá Vallholti, fyrrum íþróttakennari á Húsavík gaf Völsungi bikarinn til varðveislu í tíu ár. Á bikarinn voru festar 10 silfurplötur og á þær skyldi rita nöfn sigurvegarana í hlaupinu. Að tíu árum liðnum afhenti Völsungur, Byggðasafni S-Pingeyjarsýslu bikarinn til eigna og hefur hann verið varðveittur þar síðan.

Um fyrsta hlaupið var ritað:

Sumardagurinn fyrsti, 1976. Fram fór víðavangshlaup um Grímsbikarinn í fyrsta sinni. Keppninni stjórnaði Vilhjálmur Pálsson, íþróttakennari. Hlaupið var frá svæði skólanna, Barnaskólans og Gagnfræðaskólans, hvar áður var Borgarhólstún, skammt sunnan við Vallholt. Síðan var hlaupið um Skólagarð og Ásgarðsveg upp að Hvammi, þar snúið við og farin sama leið til baka.

Endaspretturinn var hlaupinn á Skólagarði.

Keppninni var hagað þannig, að elstu og yngstu hlaupararnir fengu nokkurt forskot fram yfir þá, sem tápmostir voru, til að veita þétttakendum sem jafnasta möguleika til sigurs.

Þátttakendur voru alls 50. Elsti hlauparinn var Eysteinn Sigurjónsson, 53 ára að aldri.

Úrslit urðu þessi:

1. Jónas Reynir Helgason, 14 ára
2. Helgi Kristjánsson, 9 ára



Grímsbikarinn 1977. Auglýsing frá Íþróttafélaginu Völsungi um íþróttaleika fyrsta sumardag 1977.

3. Hreinn Hjartarson, 14 ára Strax að hlaupi loknu afhenti formaður Í.F. Völsungs sigurvegaranum Grímsbikarinn með viðhöfn. Prem

fyrstu í hlaupinu voru veittir verðlaunapeningar.

Sól var veðurs og hiti 15 stig á C., þegar hlaupið fór fram.



Grímsbikarinn 1983. Á miðri mynd er stjórnandi keppninnar, Vilhjálmur Pálsson í dökkum jakka og með kalltæki í hendi. Stúlka í grænni peysu og rauðum buxum gefur honum bendingu. Lengst til hægri á myndinni gefur að sjá formann Völsungs, Hallmar Frey Bjarnason.



Grímsbikarinn 1979. Á aðalfundi Í.F.V. 1978 urðu formannaskipti í félaginu. Þormóður Jónsson lét af því starfi og við tók Hallmar Freyr Bjarnason. Á veglegri þjóðhátíð 1979 var keppt í ýmsum greinum íþróttar. Hallmar Freyr horfir af lifandi áhuga 'á ungar stúlkur stökkva langstökk. Kristján Þráinsson mælir stökkklengdina.



Grímsbikarinn 1985. 10 ár eru liðin frá því að hafin var keppni um Grímsbikarinn og í dag, 17. júní, 1985 lýkur að hlaupa um þann góða grip. Vilhjálmur Pálsson hefur stýrt hlaupinu frá upphafi. Hér skipar hann til leiks í loka sprettinn.



Grímsbikarinn 1985. Hér fer geyst ungur kappi, Þorvaldur Guðmundsson.



Grímsbikarinn 1976. Elsti þátttakandinn, Eysteinn Sigurjónsson, kemur í mark. Eysteinn keppti oft í hlaupum á yngri árum sínum. Hann var formaður Í.F.V 1948-1949. Hann hafði fagra söngródd og kunnastur var hann fyrir þátttöku sína í sönglífi á Húsavík.



Grímsbikarinn 1983. Hópmýnd. Ekki er vitað hvort öll þau, sem á myndinni eru hafi tekið þátt í hlaupinu.



Grímsbikarinn 1978. Þá er íþróttafréttamenn skoða þessa mynd af hlaupurunum tveimur, sem fremstir fara mundu þeir sennilega lýsa svo, að ekkert væri gefið eftir.



Grímsbikarinn 1976. Vilhjálmur Pálsson, íþróttakennari, gerir grein fyrir gjöf Gríms Bjarnasonar frá Vallholti. Ungi maðurinn í æfingabúningi var fyrsti handhafi bikarsins, Jónas Reynir Helgason. Honum á vinstri hönd (með gleraugu) er Þormóður Jónsson þáverandi formaður Völsungs.



Grímsbikarinn 1977. Snjór og ekki sérlega sumarlegt á Húsavík hinn fyrsta sumardag 1977. Kappar og kempur létu það ekki á sig fá. Jónas Reynir Helgason kemur í mark, sigurvegari öðru sinni. Hann fagnar með því að lyfta hendi.



Grímsbikarinn 1977. Stúlkur létu ekki sitt eftir liggja og komu flestar brosandir í mark eftir hressandi hlaup í snjónum.

Védís og frúarleikfimin



Védís Bjarnadóttir hefur unnið ötult starf við að gera hlut íþróttanna og heilsuefningar sem mestan í samfélaginu á Húsavík. Sund kenndi hún til fjölda ára, hún færði blakmenningu á Húsavík upp á hærra plan. Þeir eru ófáir knaparnir sem lærðu að sitja hest á reiðnámskeiðum hjá Védísi. Þá kenndi hún einnig þjóðdansa og aðra dansa og svona mætti áfram telja. Hér segir hún frá því þegar hún fór af stað með leikfimi fyrir 50 ára og eldri.

Í kringum 1970 þá auglýsi ég leikfimi fyrir 50 ára og eldri. Þá var ég farin að tala um þetta við Villa að þetta væri nú ekki hægt að nota ekki krafta mína í eitthvað gagnlegt, ég þyrfti að láta eitthvað gott af mér leiða. Ég segi svona við hann „hvernig ætli það sé ef ég auglýsi leikfimi fyrir eldri konur en skólakrakkana.“ Honum leist náttúrulega vel á það og fannst ég verða að fara gera eitthvað. Svo auglýsi ég leikfimina og það komu held ég um tíu manns í fyrsta skiptið. Svo hef ég auðvitað verið í hinu og þessu en þetta var

sérstakt áhugamál, kvenna-leikfimin; algjört yndi alla tíð

og hefur gert svo mikið fyrir mig hér á Húsavík svo ég

tali nú ekki um núna þegar ég er orðin svona gömul. Ég



Leikfimiþópur Védísar sýndi leikfimi á 50 ára afmælishátíð Völsungs 1977. Í sal Barnaskólans.



Frúarleikfimisfrúr. Fánaberi Margrét Jónsdóttir. 50 ára afmælishátíð Völsungs.

er sífellt að rekast á þessar konur sem voru í leikfimi hjá mér og afkomendur þeirra. Ég var alveg í þessu þar til í kringum 2000 þannig að ég hef verið svona ríflega 30 ár í þessu. Alveg gasalega

langur tími.

Beysi [Hallmar Freyr Bjarnason] var algjört gull fyrir mér. Hann var mér alltaf svo góður og gerði allt sem hann gat fyrir mig. Líka kannski til þess að reyna að

fá mig til að gera eitthvað. Þegar kom að því að ég fór að kenna leikfimina hérna í salnum í Barnaskólanum, þá fékk ég alltaf fyrst að velja hvaða tíma ég vildi. „Hvaða tíma viltu?“ sagði

hann og ég fékk að velja tímann milli sex og átta sem er auðvitað besti tíminn fyrir krakkana til þess að vera í handbolta eða fótbolta eða hvað sem þau voru að æfa. Þau urðu að gjöra svo vel að sitja á hakanum fyrir mér svo ég gæti verið með kvennaleikfimina mína. Hann var svo hrifinn af því að ég skyldi fara út í það, að allar konur í bænum voru komnar í leikfimi.

Völsungur var með tímana í salnum og borgaði ákveðið gjald fyrir það, þá varð úr að ég skráði allar konurnar sem komu til mín í Völsung. Þær urðu að gjöra svo vel og sætta sig við það. Síðan borgaði ég þáttökugjald af þeim, bæði félagsgjald og þáttökugjald og skilaði inn til formannsins. Parna lagði ég til styrktarpening inn í Völsung sem náttúrulega var alltaf eins og öll félög, blankur.



Íþróttahátíðin á 50 ára afmæli Völsungs 1977. Unglingadansar. Stjórnandi dansana var Védís Bjarnadóttir.

FIMLEIKAR



Fimleikaflokkur stúlkna ásamt þjálfara sínum Jónasi G. 17. júní 1952. Ljósmynd: Sigurður P. Björnsson.

Í lögum Völsungs frá upphafsárum félagsins segir: „Markmið félagsins er, að efla og iðka knattspyrnu, fimleika og aðrar íþróttir, stofna til íþróttamóta og íþróttasýninga og vekja áhuga félagsmanna og annara fyrir íþróttum.“ Það má því segja að fimleikar hafi frá upphafi skipað stóran sess innan Völsungs.

Pegar Guðrún Kristinsdóttir, formaður Völsungs flutti til Húsavíkur 1986 höfðu fimleikar legið niðri um tíma. Eitt fyrsta verk Guðrúnar var að endurvekja íþróttina á Húsavík og stofnaði Fimleikadeildina. Síðan þá hafa fimleikar notið mikilla vinsælda og kannski aldrei verið vinsælli en í dag.



Guðrún Kristinsdóttir viðtal:

Fimleikar í 30 ár



Guðrún ásamt fjórum árgöngum fimleikastúlkna.

Guðrún Kristinsdóttir, formaður Völsungs fluttist til Húsavíkur með eiginmanni sínum Ingólfi Freyssyni árið 1986. Þau voru þá nýútskrifaðir íþróttakennarar. Guðrún byrjaði strax að starfa fyrir Völsung og hefur haldið fimleikadeild félagsins gangandi allar götur síðan. Hún segir frá starfinu, sigrunum og væntingunum innan fimleikanna á Húsavík.

Fyrstu kynni Guðrúnar Kristinsdóttur af Völsungi voru í gegnum tengdaföður sinn Hallmar Frey Bjarnason eða Beysa eins og hann var gjarnan kallaður. Hann var þá formaður félagsins líkt og hún er í dag. Þetta var í upphafi níunda áratugarins þegar hún var að kynnast Ingólfi manni sínum en þau bjuggu þá í Hafnarfirði. Guðrún minnst þess að um 1980 hafi hún fyrst verið að koma í heimsóknir til Húsavíkur og þá um sumarið hafi hún tekið að sér að vera með leikjanámskeið en þá voru þau hjónin nýútskrifaðir íþróttakennarar.

Eftir að hafa dvalið tvö sumur á Húsavík og stjórnað leikjanámskeiðum setjast Guðrún og Ingólfur að í bænum. Það er árið 1986 og hún segir frá því að þá hafi hún fyrir alvöru farið að skipta sér að starfi Völsungs. „Þá var tengdapabbi að vinna að fullum krafti og þannig byrja ég að kynnast Völsungi,“ segir hún og bætir við: „Ég dregst þannig inn í starfið og byrja að hjálpa til við allt sem þurfti að gera í kringum félagið. Bæði með þjálfun og aðstoð við hitt og þetta.“

Fimleikadeildin verður til
Eftir að Guðrún flytur í



Anna Karen Jónsdóttir á verðlaunapalli. Hún er ein fjögurra Völsungsstúlkna sem landað hefur íslandsmeistaratitli í fimleikum



Prautabrautin vinsæl hjá yngstu kynslóðinni.

bæinn fer hún fljótlega af stað með að undirbúa stofnun fimleikadeildar en fimleikar höfðu þá ekki verið stundaðir að neinu marki í áratugi; sem er merkilegt því að í lögum Völsungs á upphafsárunum segir: „Markmið félagsins er, að efla og iðka knattspyrnu, fimleika og aðrar íþróttir, stofna til íþróttamóta og íþróttasýninga og vekja áhuga félagsmanna og annarra fyrir íþróttum.“

Vorið 1987, landsmótsárið heldur Guðrún lítið fimleikanámskeið í íþróttasal Barnaskólans. Undirtektir voru það góðar að strax þá um haustið fer hún á fullt

með skipulagðar æfingar í nývígðri íþróttahöllinni. Þá fer boltinn að rúlla og hefur ekki stoppað síðan. „Þegar ég byrjaði með fimleikana var ég bara ein,“ segir Guðrún en sjálf æfði hún fimleika með Björkunum í Hafnarfirði þegar hún var lítil. Hún bætir því við að þegar fyrsta kynslóð fimleikastelpnanna hennar uxu úr grasi fóru sumar þeirra að hjálpa henni með starfið. „Hún var lengi með mér og hjálpaði mér mikið hún Hrefna Regína Gunnarsdóttir.“

Þá dregur Guðrún einnig fram Árnýju Björnsdóttur og segir hana hafa verið sér ómetanlegur stuðningur.

„Hún er dugnaðarforkur hún Árný. Hún er búin að ala upp fjögur börn og alveg svakalega dugleg. Hún hafði verið í sundinu og kom líka og hjálpaði mér með fimleikana. Ég fékk hana til koma meira inn í fimleikana enda hafði hún æft fimleika hjá mér. Ég var þá að draga mig í hlé í þjálfun, það varð til þess að hún fór og lærði íþróttakennarann. Á meðan hún lærði þá ákvað ég að láta fimleikana ekki detta niður og ég þjálfaði því áfram ásamt Rebekku Ásgeirsdóttur og Guðrúnu Einarisdóttur. Svo kom hún bara galvösk inn að loknu námi“

5 Íslandsmeistaratitlar

Það hefur alla tíð síðan Guðrún setti fimleikadeildina á laggirnar verið talsvert um keppnisferðir og Völsungur á nokkra Íslandsmeistara í fimleikum. „Já ég var nú dugleg að fara með þessar stelpur í ferðir suður og keppa á mótum á vegum FSÍ og við eigum fjóra Íslandsmeistara í trampólínstökkum og stökki. Það eru þær: Heiður Vigfúsdóttir, Anna Karín Jónsdóttir, Svava Bjarkadóttir og Harpa Hrönn Björnsdóttir en Harpa Hrönn vann tvisvar. Þannig að þetta eru fimm Íslandsmeistaratitlar,“ segir Guðrún og bætir við: „Þetta voru yfirleitt mjög ánægjulegar og skemmtilegar ferðir sem við vorum að fara.“

Þessi mót voru titluð Íslandsmeistaramót, Völsungur keppti ekki í áhaldafimleikum heldur í dýnustökkum, trampólínum og stökki yfir hest. Það voru fyrst og fremst stelpur á aldrinum 14-16 ára sem fóru á þessu mót. „Við vorum bara ansi góðar í trampólínstökkum þó græjurnar hér væru ekkert stórar og merkilegar. Við vorum að æfa við það frumstæðar

Völsungs- mólar

Brot úr stefnu Völsungs
Völsungur er sameiningartákn Húsvíkinga fyrr og síðar og býður upp á öflugt íþrótt-, félags- og afþreyingarstarf fyrir fjölbreytta flóru íbúa.

Félagið er fjölmennt og nýtur stuðnings og virðingu bæjarbúa. Félagið er fyrirmyndarfélag og horft er til þess er varðar skipulag, stefnu, félagsstarf og árangurs íþróttamanna sem eru aldir upp hjá Völsungi.

Hjá Völsungi er virk uppeldis- og afreksstefna í öllum deildum og markviss uppbygging yngri flokka. Félagið á sér marga bakhjarla sem samanstanda af fyrirtækjum og einstaklingum auk þess sem það nýtur dyggs stuðnings bæjarbúa.

Allar deildir innan raða félagsins starfa á jafningjagrundvelli, gagnkvæm virðing og traust ríkir í fjölbreyttri starfsemi félagsins. Stöðugleiki ríkir á öllum sviðum starfseminnar og félagið er stolt af hæfum þjálfurum, stjórnarmönnum, sjálfbóðaliðum og öflugum félagsstarfi.

Það er stefna félagsins að gefa börnum og unglingum tækifæri til að kynnast íþróttagreinum sem eru iðkaðar innan raða félagsins og um leið að halda brottfalli úr íþróttum í lágmarki. Um leið er stefnt að því að félagið bjóði upp á íþróttagrein sem fjölskyldan getur stundað saman.

Hvað er parkour?

Parkour er gjarnan kallað götufimleikar en sportið felur í sér ákveðið ferðalag frá upphafspunkti A að endapunkti B. Lökendur hlaupa á milli þessara tveggja punkta en flétta inn í hlaupin allskyns hopp, heljarstökk og snúninga, sem á tíðum virðast ögra mannlegum takmörkunum. Þeir beita þessum brögðum til þess að komast greiðlega yfir hindranir sem á vegi þeirra verða eða jafnvel bara til að auka skemmtunina. Í einföldu máli mætti segja að parkour sé samfella fjölbreyttra hreyfinga sem eru mannum eðlislægar, svo sem að hlaupa, hoppa, stökkva, ná lendingu, rúlla sér, halda jafnvægi, hanga, sveifla sér og klifra

aðstæður að þegar þær fóru að keppa fyrir sunnan á góðum trampólínum, þá skutust þær lengst upp í loftið þannig að maður saup kveljur. Þær voru búnar að ná góðri færni á lélegu trampólíni, svo koma þær á gott trampólín fyrir sunnan og náttúrulega ruku upp í rjáfur; og lönduðu þessum titlum,” segir Guðrún. „Okkur fannst það voðalega gaman að svona lítið félag úti á landi gæti staðið í liðunum fyrir sunnan.“

Aðstæður hafa breyst

Aðstæður hafa auðvitað breyst talsvert á þessum tíma sem Guðrún hefur verið með puttana í fimleikadeild Völsungs. „Þegar íþróttahöllin er tekin í gagnið þá er keyptur inn ákveðin staðalbúnaður. Það áttu að vera til kistur og hestar, stökkbretti og þetta helsta. Þetta var uppskrift að því hvað átti að vera í einu íþróttahúsi og við létum það náttúrulega bara duga.“ Guðrún segir jafnframt frá því að fljótlega hafi verið keypt jafnvægislá og síðar tvíslá. „Hún var notuð í mörg ár, svo fór hér hitaveiturör í húsinu og allt fylltist af gufu þannig að sláin sprakk en hún er úr timbri. Það komu sprungur í hana og við

notuðum hana ekkert eftir það.“

Í tímans rás hefur fimleika-deildin sjálf farið í að safna og fjárfesta og hún keypt tvíslá, stórt trampólín, loftdýnu og fibergólf sem gefur eftir, trampólín, hesta og ýmislegt fleira. „Þetta nýtist okkur til að geta keppt á landsvísu. Þetta er líka gert til að auka á fjölbreytnina. Það eru ekki allir í boltagreinunum,” segir Guðrún og bætir við eftir stutta umhugsun: „Fimleikar og frjálssar eru í raun góðar greinar að æfa með boltagreinunum. Þú færð styrkinn, snerpuna og teygjurnar.“

Að sögn Guðrúnar hefur greinum verið skipt talsvert upp innan Fimleikasambandsins. Það er til að mynda talsverður hópur iðkenda sem keppir í hóp-fimleikum og svo eru það áhaldafimleikarnir. Þetta segir Guðrún að sé gert til að halda krökkunum lengur í íþróttinni en það er galli á gjöf Njarðar. „Hópfimleikarnir eru komnir það langt að við litlu félögin úti á landi náum ekki að keppa eftir þeim reglum. Þá voru settar léttari reglur sem við fórum að fara eftir. Svo höfum við endað í þessu sem kallað er almennir fimleikar eða stökkfimi. Þá er samt verið



Tvísláin hefur alltaf verið vinsæl.

að keppa í sömu greinum og verið er að keppa í á hóp-fimleikamótunum fyrir utan dans. Við erum yfirleitt ekki með nægan fjölda í lið í hóp-fimleikum. Það þurfa að vera að lágmarki sex og að hámarki tólf og það þarf að ná ákveðnum lágmarkum til að komast inn á mótin og þeim náum við ekki“ lókendafjöldi í fimleikum hefur haldist þokkalegur þennan tíma frá árinu 1987 en rokkað frá 30-40 og upp í 60-80 sem æfa. „Nú höfum við verið í mörg ár með svona í kringum, 50-60 krakka. Þannig að sú tala hefur haldist nokkuð stöðug,” segir Guðrún og bætir við að meira sé farið að bera á að strákar stundi fimleika. „Það hafa verið að koma fleiri strákar inn og eru að tolla í þessu. Þeir eru bara flottir og hafa líka verið að stunda það sem kallast parkour.“

Áhugi á fimleikum að aukast

Það er ljóst að mikil gróska hefur verið í fimleikum á landsvísu undanfarin ár. Nægir þar að nefna Evrópu-meistaratitla íslenska landsliðsins í hóp-fimleikum. Þá hafa íslenskir keppendur í áhaldafimleikum verið að stíga upp síðustu ár og eru að komast jafnfætis hinum Norðurlandapjóðunum. Það er ekki laust við að þessi árangur hafi kveikt

aukinn áhuga á Húsavík fyrir fimleikum. „Já, einhvern veginn smitar það,” samsinnir Guðrún. „Það er líka áhorfendavænt að horfa á hóp-fimleikana. Þeir hafa aðeins verið sýndir í sjónvarpinu, þetta gengur svo hratt. Einu sinni voru fimleikarnir ekki áhorfendavænir því það varð alltaf að dæma hvern einstakling eftir hvert áhald. Það kom alltaf svo leiðinlegt hlé en þegar þeir fóru að láta þetta ganga hraðar fyrir sig, komu fleiri að horfa á því þú nennir ekki að vera í íþróttasal og horfa á ekki neitt.“

Það eru komin ríflega 30 ár í reynslubanka Guðrúnar við að halda fimleikadeildinni gangandi á Húsavík, bæði sem þjálfari og formaður. Það eru ekki allir sem gera sér grein fyrir því hvað það liggur mikil vinna á bak við þetta og mikið til í sjálfböðavinnu. Það þarf að skipuleggja æfingar, mót og keppnisferðir. Ferðast landshorna á milli og svona mætti lengi telja enda furðar Guðrún sig á því hvernig hún hafi farið að þessu þegar hún lítur til baka. „Ég var náttúrulega sjálf með þrjú börn og að fara suður með fimleikastelpurnar að keppa en maður lét þetta alltaf ganga upp með góðri aðstoð fjölskyldunnar,” segir Guðrún Kristinsdóttir, formaður Völsungs og móðir fimleikanna á Húsavík.



Þrjár á palli, Dögg Ívarsdóttir, Hrefna Regína Gunnarsdóttir og Anna María Frimannsdóttir.



Vilhjálmur Pálsson og Jóhann Helgason á skólasamkomu um 1955.



Leikfímistrákar og Jónas G. Jónsson 1937-1938



Þormóður Jónsson spreytir sig á hesti á 50 ára afmælishátíð Völsungs.



Fimleikasýning í tilefni 50 ára afmælis Völsungs.

Íþróttamannvirkin

Í gegnum tíðina hefur orðið algjör umbylting í aðstöðumálum fyrir íþróttafólk á Húsavík. Frá því að fyrstu knattspyrnuleikir voru spilaðir á gamla knattspyrnuvellið úti á Höfða hefur mikið vatn runnið til sjávar eins og glögg má sjá.

Úr degi 16. júní 1987

Íþróttahöllin á Húsavík verður formlega vígð 17. júní en að undanförunu hefur verið unnið af krafti við frágang hússins og lagfæringar á lóð þess. Áhorfendabekkir hafa verið settir upp og rúma þeir um 640 manns í sæti. Skrúðganga heldur af stað frá sundlauginni að íþróttahöllinni kl. 13:30 en vígsluhátíðin verður sett kl. 14:00 af Bjarna Þór Einarssyni bæjarstjóra. Bjarni Aðalgeirsson formaður bygginganefndar íþróttahallarinnar flytur vígsluræðu en forseti bæjarstjórnar, fulltrúi Völsungs og sr. Sighvatur Karlsson flytja ávörp. Lúðrasveit Tónlistarskóla Húsavíkur leikur, einnig verður kórsöngur og leikið á blásturshljóðfæri.



Pegar Barnaskólinn á Húsavík var byggður þótti litli íþróttasalurinn algjör bylting í íþróttamannvirkjum á Íslandi. Hann þótti orðið heldur lítill þegar Íþróttahöllin var vígð árið 1987.



Gerfigrasvöllurinn á Húsavík er nýjasta byltingin í íþróttaaðstöðu bæjarins. Í fyrsta sinn er hægt að æfa knattspyrnu utanhúss að vetri til. Hann er ekki síður lyftistöng fyrir almenningsíþróttir því fjölmargir bæjarbúar nýta brautina umhverfis völinn sér til heilsubótargöngu.



Árið 2004 var sparkvallaátaki KSÍ ýtt úr vör. KSÍ lagði til fyrsta flokks gerfigras á velli sem byggðir voru víðsvegar um landið. Húsvíkingar hafa notið góðs af því.



Hér er verið að þökuleggja Katlavöll sunnan við bæjinn en hann var lengi notaður til æfinga.



Sjálfboðaliðar vinna við að slétta úr aðal knattspyrnuvelli Húsavíkur fyrir þökulaggingu. Fyrir miðri mynd má sjá formanninn Frey Bjarnason.

SKÍÐI



Skíðaíþróttin hefur átt gríðarlegra vinsælda að fagna á Húsavík í gegnum 90 ára sögu Völsungs, hvort sem um er að ræða alpagreinar eða norrænar greinar. Skíðaíþróttin er sérstök að því leyti að hún hefur verið stunduð jafnt í gegnum skipulagt starf Völsungs sem keppnisíþrótt en einnig utan Völsungs sem almenningsíþrótt og tómstundagaman. Vinsældir íþróttarinnar hafa þó verið háðar veðri og vindum, eðlilega. Þegar snjóþungt er á Húsavík hafa vinsældir sportsins aukist en minnkað á tímabilum snjóleysis. Fyrir nokkrum árum var stofnuð sérstök gönguskiðadeild og hafa sjálfboðaliðar unnið frábært starf við uppbyggingu á aðstöðu á Reykjaheiði. Jafnframt hafa bæjaryfirvöld verið jákvæð fyrir frekari uppbyggingu skíðamannvirkja á svæðinu. Það verður því spennandi að sjá hvort aðal skíðasvæði Húsavíkur verði á Reykjaheiði í framtíðinni.



Sigurjón Pálsson, viðtal:

Heimasmíðuð togbraut



Fyrsta skíðalyftan í Skálamel var gerð úr gamalli dráttarvél, ljósum var komið fyrir í staura í fjallinu og svigið var stundað fram á kvöld. Keppnisferðir voru farnar í öllum veðrum og skólastjórinn þurfti að veita frí.

Sigurjón Pálsson hefur getið sér gott orð sem rithöfundur og hönnuður. Hann hefur gefið út skáldsögurnar Klækir og Blekking. Þá hefur hann hannað útskorna vaðfugla úr eik sem framleiddir eru af hönnunarfyrtækinu Norman Copenhagen.

Það vita það kannski færri að Sigurjón var bráðefnilegur skíðamaður á sínum yngri árum. Hann er fæddur á Húsavík árið 1950, árið sem bærinn fékk kaupstaðarréttindi. Hann sleit barnskónum í heimabænum og fór að æfa skíðaíþróttina af kappi um miðjan sjöunda

áratuginn. „Skíðaáhuginn heltók mig og nokkra helstu vini mína og frændur; Didda í Snælandi, Stjána Eysteins, Steindórin, (Björn Haraldar) Hédda og Badda Sveins. Við vorum í fjallinu frá því að skóla lauk fram á kvöld eftir að snjó setti í Skálamelinn. Oft var farið eftir kvöldmat því ljós voru komin í Melinn. Veturnir, um og eftir miðjan sjöunda áratuginn, voru snjóþungir og jókst skíðaáhuginn á Húsavík mikið þau ár. Við tókum fljótlega að keppa við jafnaldra okkar annarsstaðar af landinu, einkum Akureyr-



Sigurjón segir frá því þegar þeir félagarnir þurftu að fá frí úr skóla til að taka þátt í skíðamóti:

Við þurftum ætíð að leita á náðir skólasjóra til að fá frí á föstudögum því frá því í janúarlok fram yfir páska voru punktamótin haldin um land allt; Akureyri, Ísafirði, Siglufirði og Reykjavík.

Við fórum aðra hverja helgi, það var oftast keppt á laugardegi og sunnudegi og við þurftum oft að keyra inn á Akureyri eða taka flug suður og þaðan til Ísafjarðar og allavega. Við þurftum því að geta farið á föstudegi en til þess að það gæti gengið, þurftum við að fá frí í skólanum. Á þessum tíma var oft hörku vetrarveður. Minnistætt var að mæta fyrir nafna minn Jóhannesson, skólastjóra annan hvern fimmtudag og biðja um frí á föstudegi, „Hafið þið heyrt spána drengir? Alveg iðulaus stórhrið!“ Við fylltumst kvíða. Þá bætti hann jafnan við og blikkaði, „en farið þið bara ef þeir fljúga.“

Þannig liðu æskan og unglingsárin á þessum dýrðarstað, Húsavík.

inga, með góðum árangri og fengnir voru þjálfarar til Húsavíkur og sjálfur þjálfaði ég síðar“.

Kolólögleg skíðalyfta


Í viðtali við Skarp fyrir nokkrum árum sagði Sigurjón frá því að á aðeins þremur til fjórum árum hafi Húsavíkingar komist í fremstu röð skíðamanna á landinu. „Við mættum miklum skilningi bæjarbúa. Útbjuggum heimasmiðaðar dráttarbrautir í skálamelinn með aðstoð ótrúlegustu manna og fyrirtækja,“ segir hann.

Sigurjón segir það hafa verið lykilatriði að vera með togbraut. „Hún var náttúrulega kolólögleg og henni hefði verið lokað sem banvænu tæki í dag, sú fyrsta sem við gerðum. Þetta próaðist og við fengum dráttarvél fyrst sem við tjökuðum upp, suðum á hana tromlu. Efst í fjallinu, vorum við með fasta hásingum sem tók á móti. Þetta var vír, örþunnur vírkaðall. Við útbjuggum svo króka sem kræktust í og við hentumst upp þegar krókurinn greip vírinn,“ sagði hann og bætti við brosandi:

„Þetta var stórhættulegt en við létum okkur hafa það, fannst þetta bara sjálfsagt.“ Hann segir að það hafi vissulega orðið einhver minniháttar slys. „Við þróuðum þetta og upp úr þessu komu sverari kaðlar og sérstök lyftubelti sem voru með öryggi á þannig að þau opnuðust ef maður sleppti þeim. Maður þurfti að halda þeim saman og þegar sleppt var þá opnaðist það og þetta var með svona belti utan um mann miðjan. En þetta breytti öllu í þjálfuninni.

Skólatöskunum hent út í horn

Sigurjón segir að síðar hafi þeir komið fyrir ljósum í staurum sem fyrir voru í fjallinu og þá hafi verið hægt að stunda skíðin á kvöldin einnig. „Við fórum bara heim og hentum skólatöskunni upp í horn og á skíði strax eftir hádegi og komum ekki heim fyrr en oftast bara um kvöldmat og stundum eftir kvöldmat líka,“ segir hann og bætir við: „Seinna koma svo verksmiðjulyftur. Við fengum litla lyftu frá Austurríki og síðar kom lyfta



Gullaldarliðið sem sankaði að sér verðlaunum á skíðamótum landsins á árum áður. Sigurjón, Þórhallur Bjarna, Héðinn Stefáns og Björn Haraldar.

í Stallana.

Sigurjón nefnir nokkra unga pílta sem stunduðu skíðin með honum og megi líta á sem brautryðjendur Björn Haraldsson, Þórhall Bjarnason, Héðinn Stefánsson og Bjarna Sveinsson. „Við vorum þarna einir fimm sem vorum svona í fylkingarbrjósti í þessu og svo voru yngri strákar sem komu upp strax á hælana á okkur og voru með okkur í þessu.

Þetta er á þessum árum 1966-7 og fram yfir '70,“ segir hann og lýsir þessu tímabili sem miklu blómaskeiði í skíðaþróttinni í bænum.

Þjálfaranámskeið í Svíþjóð

Samheldnin í skíðaþróttinni á Húsavík var mikil á þessum árum og þegar fram liðu stundir fór Sigurjón að taka að sér að þjálfar yngri iðkendurnar. „Ég fór á þjálfaranámskeið í Storlien,

Svíþjóðarmegin við norsku landamærin. Völsungur borgaði farið ef ég man rétt. Ég kom svo heim eftir hálfan mánuð og nýtti þetta við að þjálfar yngri strákana sem þá var dágóður hópur,“ segir hann.

Sigurjón flytur í kjölfarið úr bænum og heldur í nám og segist ekki hafa haft tök á því að fylgjast með sínu gamla félagi eftir það eins og hann hefði kosið. „Það var ekki sá möguleiki að fylgjast með sem er í dag, net eða annað. Þannig að tengsl mín flosnuðu svolítið við félagið,“ segir hann og bætir við að það hafi farið að koma upp vandkvæði með snjó. „Það fer að hlýna aftur og fjallið er svo neðarlega að það byrjar strax að hverfa snjórin þar, það er svolítið ótraustur snjó þarna,“ segir Sigurjón Pálsson, rithöfundur, hönnuður og Völsungur.

Gönguskíði á Reykjaheiði

Mikil gróska hefur verið undanfarin ár í gönguskiðaiðkun á Húsavík. Fyrir nokkrum árum var stofnuð sérstök gönguskiðadeild innan Völsungs. Aðstaða hefur á þessum tíma stórbátnað en nokkrir áhugamenn um íþróttina hafa lyft grettistaki við að byggja upp aðstöðu á Reykjaheiði. Þar er að finna tvö aðstöðuhús með rafmagni og hita en eftir að malbikaður vegur var lagður upp að Þeistareykjum hefur skíðasvæðið færst ofar. „Við vorum áður mun neðar eða þar sem gamli vegurinn endaði og stundum var troðin braut frá Stöllum og hringur að Botnsvatni,“ sagði Kári Páll Jónasson gönguskiðagarpur. Áhugi á íþróttinni hefur verið með góðu móti síðustu

ár. „Á góðum dögum eru allt að 50-100 manns að ganga þarna upp frá,“ segir Kári Páll en hann keypti sín fyrstu gönguskiði þegar hann var tvítugur og hefur gengið síðan. Það gerir vel ríflega 30 ár. Gönguskiðadeildin stendur að árlegri göngukeppni. „Við höfum verið með svokallaða Íslandsgöngu en það er mótaröð ætluð almenningi. Við höfum sameinað þetta Orkugöngunni sem Mývetningar voru með. 90 km. göngu frá Kröflu og niður að Húsavík. Þetta var svo sameinað, Íslandsgangan okkar og Orkugangan. Við kölluðum hana Buck gönguna,“ segir Kári Páll.



Sigurgeir, Palli á troðaranum, Siddi, Kári Páll og Geiri.



Gengið í Aðaldalshrauni.



Húsvískir skíðakrakkar hafa um árabíl tekið þátt í Andresar andar leikunum með góðum árangri.

Á Ólympíuleika 18 ára gamall

Björn Olgeirsson var árið 1980 valinn í íslenska skíðalandsliðið sem tók þátt í vetrarólympíuleikunum í Lake Placid í Bandaríkjunum. Hann keppti í svigi og stórsvigi en datt í báðum keppnum.

Völsungur hefur alið upp marga afreksíþróttamenn í gegnum tíðina. Einn þeirra er Björn Olgeirsson. Hann gerði garðinn frægan með gulladarliði Völsunga í fótbolta sem lék tvö tímabil í efstu deild. Hann var einnig frábær skíðamaður og var fyrsti Völsungurinn til að taka þátt í vetrarólympíuleikum.

Aðeins 18 ára gamall var Björn valinn í skíðalandslið Íslands sem tók þátt í vetrarólympíuleikunum í Lake Placid árið 1980. Þar keppti Björn í svigi og stórsvigi. „Ég byrjaði að fást við skíðin heima á túni þegar ég var 5 ára gamall. Mér líkaði það strax vel og þegar ég var 8 ára keppti ég í fyrsta skiptið. Hef ég verið á kafi í þessu sleitulaust síðan“ sagði Björn í stuttu viðtali við Morgunblaðið skömmu áður en hann hélt út.

Björn sagðist jafnframt ekki vita hvar hann stæði gagnvart bestu skíðamönnum heims og var ekkert að velta sér upp úr hverjir möguleikar hans væru á ólympíuleikunum. „Það kemur í ljós. Þar af leiðandi get ég ekkert sagt um hvert hlutskipti mitt eða félaga minna verður, get aðeins sagt að ég geri mitt besta. Meira er ekki hægt að gera að mínu viti,“ sagði hann.

Björn var mjög spenntur fyrir því að fara á ólympíuleikana og sagði að það yrði gaman að upplifa eitthvað nýtt. Hann var spurður að því hvort þetta væri sterkasta landslið sem Ísland gæti teft fram. Ekki stóð á svari: „Ætli maður svari því ekki játandi, þó að ég sé sjálfur



Björn Olgeirsson tók þátt í vetrarólympíuleikunum í Lake Placid árið 1980, þá 18 ára gamall.

í liðinu,“ sagði 18 ára gamall Björn af mikilli hógvæð sem síðan hefur fylgt honum alla tíð.

Ekki gekk keppni Íslendinganna þrautalaust fyrir sig. Upp kom influensa í íslenska hópnum og var Björn einn þeirra sem veiktist en hann náði þó að keppa bæði í svigi og stórsvigi. Til að bæta gráu ofan á

svart voru aðstæður mjög erfiðar. Vegna snjóleysis var brugðið á það ráð að dæla gervisnjó í brautirnar en þegar að keppni kom fór hinsvegar að snjóa svo úr varð hin furðulegasta blanda af gervisnjó og alvöru snjó. Fyrir vikið voru óvenju margir keppendur sem dattu og féllu úr keppni, einn þeirra var Björn okkar Olgeirsson.

„Ég var of taugaóstyrkur og gleymdi að hugsa“ sagði Björn í viðtali við Vísi eftir keppni í stórsvigi. „Þetta var klaufalegt hjá mér, ég datt ekki einu sinni með tilþrifum. Ég vissi af þessari bingu í brautinni þarna en gætti mín ekki og því fór sem fór“ sagði Björn en hann var með góðan millitíma í miðri brekkunni og hafði að sögn Guðmundar Södering þjálfara keyrt vel. Millitími Björns var 55,56 sek.

Björn féll einnig úr keppni í sviginu. Íslensku keppendurnir áttu að taka þátt í 15 keppnum samtals, en tókst aðeins að ljúka keppni í 6 þeirra og átti flensa sinn þátt í því. Til að mynda var enginn íslensku skíðagöngukeppendanna sem treysti sér til að taka þátt í 50 km. göngunni sökum veikinda.

Íþróttamaður Húsavíkur 2010

Völsungurinn Stefán Jón Sigurgeirsson var aðeins tvítugur að aldri þegar hann fór utan til Vancouver í Kanada árið 2010 og tók þar þátt í Vetrarólympíuleikunum. Þrátt fyrir að vera ungur að árum bjó Stefán Jón þegar að nokkurri reynslu af alþjóða vettvangi. Hann hafði þá tekið þátt á HM í Frakklandi árið áður, en það var hans fyrsta stórmót. Þar gekk Stefáni prýðilega og vann sig bæði inn í aðalkeppnina í svigi og stórsvigi. Guðmundur Jakobsen skíðafrömuður sagði í Morgunblaðinu eftir HM að árangur Stefáns hefði



þá verið framar vonum. Þá hafði Stefán Jón einnig tekið þátt í heimsbikarmóti í Schladming í Austurríki. Stefán Jón varð númer 45 og síðastur í risasvigi á leikunum. „Ég skíðaði ekki vel að þessu sinni enda er þetta ekki mín grein. En það var gott að fá þetta tækifæri til þess að ná úr sér sviðs-

skrekknum,“ sagði Stefán Jón í viðtali við Morgunblaðið að lokinni keppni. Stefán Jón keppti einnig í bruni, svigi og stórsvigi. Þessi frábæri íþróttamaður var sama ár, 2010 valinn íþróttamaður Húsavíkur en hann lék einnig knattspynu við góðan orðstýr með Völsungi.

Vilhjálmur Pálsson:

„Það var samt ekki talað um atvinnuleysi“



Vilhjálmur Pálsson eða Villa Páls þarf vart að kynna fyrir Völsungum. Það væri líklega efni í stóra og þykka bók allt það sem Villi og kona hans Védís Bjarnadóttir hafa gert í þágu félagsins. Hér segir Villi frá skíðastökkmenningunni á Húsavík um miðja síðustu öld og þegar hann hrapaði fram af Fiskiðjusamlaginu.

Um miðjan 5. áratug síðustu aldar var heilmikil skíða-stökkhefð á Húsavík. Vilhjálmur Pálsson segir frá því að Birgir Lúlla og Steini Birgis hafi verið yfirburðarmenn í stökkinu á þessum árum. „Já, þeir voru svona aðal karlarnir en á þessum árum þá eru reyndar margir strákar hérna í bænum sem áttu norsk stökkskíði. Súperfín stökkskíði,“ segir Vilhjálmur. Það voru ekki til nein mannvirki eins og skíða-stökkpallar svo þeir sem stunduðu stökkið þurftu að

byggja upp pallana úr snjó og voru þeir einfaldlega reistir þar sem snjórinn var mestur, aðalega í Stöllunum. „Þetta voru geysimikil mannvirki,“ segir Vilhjálmur stoltur. Síðar, þá var reyndar byggður jarðvegspallur í Stöllunum, sem er stökkpallur og landingapallur en til að hægt sé að stökkva 30 metra þá þurfti heilmikið mannvirki til að stökkva á og landingarpallurinn var ennþá meira mannvirki. Þetta kallaði á mikinn snjómokstur. Á þessum

árum voru atvinnumálin á Húsavík þannig að helmingur karla var á vertíð á veturna, hinn helmingurinn fór í skipavinnu einu sinni í mánuði eða eitthvað hjá Kaupfélaginu og bagsa með kýr og kindur. Það var samt ekki talað um atvinnuleysi en karlarnir voru bara hérna og ekkert mál að fá þá til að koma með skóflurnar og moka með okkur. Allt handmokað.“

Heyrðu í Heklu vakna

Vilhjálmur segir að stökkið hafi verið vinsælasta vetrar-

sportið um tíma og annar hver strákur hafi átt stökk-skíði. Fenginn var þjálfari frá Siglufirði og mót skipulögð. Eitt atvik er honum þó sérstaklega minnisstætt. „Það var einn frændi minn, Óli Páll Kristjánsson. Hann var mikill íþróttakappi - hann var líka góður í frjálsum, hann varð drengjameistari í langstökki og þrístökki. Við vorum að stökkva upp í Stöllum 1947 að morgni dags, þá var blæjalogn og við heyrum brak og bresti; einhvern hávaða og höldum að ísinn á Botnsvatni sé að



Skíðamót Völsungs 1941. Völsungar.

bresta. Svo komum við heim í vinnuna og þá koma fréttir, Hekla var að gjósa. Við sáum engin merki um gosið en við fengum ekki aðra skýringu á óhljóðunum.“

Þurfti að fresta íþróttakennaranámi

Hugur Vilhjálmss stefndi snemma að íþróttifræðinámi. „Ég fór að hugsa að það væri örugglega sniðugt að fara í íþróttakennslu, allavega læra eitthvað í því og hugsa um að sækja um íþróttakennaraskólann að Laugarvatni. Þá er verið að stofna gagnfræðing hérna á Húsavík og mínir jafnaldrar fóru í hann. Okkur stóð þetta til boða en þá var ég farinn að huga að íþróttifræðinni og það voru engar íþróttir í skólanum hér á Húsavík, bara gamla Samkomuhúsið. Þess vegna fer ég að hugsa um að það sé skynsamlegt hjá mér að fara í Laugaskóla. Íþróttir alla daga vikunnar og tvisvar á dag. Sæki um þar og fer þangað þennan vetur, kemst þar í fautaform. Síðan ætla ég í íþróttifræðiskólann að Laugarvatni '48-'49.

Minnstu munaði að ekkert yrði að námi Vilhjálmss og hann raunar heppinn að sleppa lífandi þegar hann lenti í slysi við byggingavinnu þetta haust. Þá var verið að byggja fiskiðjuverið á Húsavík og Vilhjálmur var að vinna við að leggja járn í húsið. „Svo lögðum við járnin, þar með var ég kominn upp í efstu hæð í

skör og hékk ógætilega út á brún og rann bara fram af, austan megin, í kæruleysi og þekkingarleysi,“ segir Vilhjálmur og bætir við: „Þetta hefur ekki verið jafn svakalegt og þú sérð að vestan en það var sama, það voru fleiri metrar niður í grjótið og með hausinn á undan fálmaði ég út og finn vír sem stóð út úr veggnum til að grípa í. Ég var með vinnuvettlinga og næ góðu taki en útaf því að ég er svona langt frá vörnum myndast þessi sveifla, ég fer ekki beint niður. Í þessari sveiflu þá fer ég eiginlega átakalaust, eins og ég væri í stangarstökkvi á nýtisku stöngunum. Ég sveiflast bara áfram hringinn áður en ég missi takið og þá lak ég niður í steininn og meiddi mig ekki neitt; en sleit vöðva í kviðnum og þurfti að fara á sjúkrahúsið á Akureyri til þess að láta sauma það saman.“

Þar með frestaðist för Villa Páls að Laugarvatni um eitt ár, hann fór veturinn 1949-50. Þegar hann kom aftur til Húsavíkur vorið 1950 tók hann að sér þjálfun fyrir HSP og á Húsavík og keyrði sig út um allar sveitir á mótorhjóli. „Ég keyrði fram í Bárðardal, Mývatnssveit, Lauga, Húsavík, Ásbyrgi, Kópasker, Raufarhöfn og sjálfsgagt víðar. Þetta var paulskipulagt og ég gisti á stöðunum,“ segir Vilhjálmur Pálsson.



Skíðamót Völsungs 1941, keppt í skíðastökki. Steingrímur Birgisson að stökkva.



Skíðamót Völsungs 1941, keppt í skíðastökki. Ásgrímur Kristjánsson að stökkva.

SUND



Sundíþróttin var fyrst tekin upp sem keppnisgrein á vegum Völsungs eftir að Sundlaug Húsavíkur var tekin í notkun árið 1960. Síðan þá hafa verið skipulagðar sundæfingar ýmist undir merkjum HSP eða Völsungs. Sundíþróttin er einnig ein þeirra íþrótta sem mikið hefur verið stunduð sem almenningsíþrótt á Húsavík utan hefðbundinna æfinga innan félags. Enda er sund einhver sú hollasta hreyfing sem hægt er að stunda.



BLAK



Húsavík hefur lengi verið mikill blakbær. Þau hjónin Vilhjálmur Pálsson og Védís Bjarnadóttir komu til Húsavíkur upp úr 1960 og reistu þann grunn sem blakmenning Húsavíkur stendur á í dag. Völsungur hefur síðan átt mikið af blakfólki í fremstu röð og á Völsungur fjölda Íslandsmeistaratitla í greininni. Öldungablakið hefur í mörg ár verið burðarásinn í starfi deildarinnar en barna og unglingastarf hefur vaxið mikið síðustu árin. Að jafnaði æfa um 35 - 40 börn og unglingar blak á Húsavík.



Anna Karólína Vilhjálmsdóttir:

Völsungsárin - Litið til baka



Eitt af fjölmörgum Íslandsmeistaraliðum kvenna í blaki sem Völsungur hefur átt.

Anna Karólína Vilhjálmsdóttir er framkvæmdastjóri Special Olympics á Íslandi og þróunarsviðs ÍF. Hún á sér langa sögu með Völsungi, bæði sem iðkandi, þjálfari og frumkvöðull. Það má líka nefna það að líklega átti hún óvart frumkvæðið að því að stofnuð var Bocca-deild innan Völsungs en betur er vikið að því á öðrum stað í blaðinu.

Foreldrar Önnu Karólínu eru heiðurshjónin Védís Bjarnadóttir og Vilhjálmur Pálsson en það mætti hæglega kalla þau guðmóður- og föður Völsungs, slík hefur fórnfýsi þeirra gagnvart félaginu verið áratugum saman. Tenging Önnu Karólínu við Völsung var því aldrei neitt val fyrir hana.

Anna Karólína lítur hér um öxl og rifjar upp ýmislegt úr viðburðarríki Völsungsævi:

Pegar litið er til baka og rifjuð

upp verkefni sem tengjast íþróttafélaginu Völsungi á Húsavík, þá er margt sem kemur í hugann og allt jákvætt og skemmtilegt. Að

vera alin upp á heimili sem litast af starfi íþróttafélags, það skapar einstaka tengingu við félagið. Ég hef frá barnæsku fundið þau tengsl



Barna starf blakdeildarinnar hefur verið mjög öflugt undanfarið.

sem fjölskylda mín hefur enn í dag við íþróttafélagið Völsung. Ég á frábærar minningar sem íþróttakona í félaginu þar sem mínar uppáhaldsgreinar voru skíði og fótbolti og síðar frjálsar og blak. Það var mjög sterkur kjarni á skíðunum á þessum tíma og mikið fjör í fjallinu en þá var ekkert mál að stökkva á skíðin beint úr skólanum og renna sér svo beint heim úr fjallinu. Hvert tækifæri var notað til að fara í fótbolta með strákunum í Höfðabrekkunni, maður varð bara að sanna sig og sýna að stelpur gætu spilað fótbolta. Síðar var sett á fót kvennalið sem gerði garðinn frægan í Mývatnssveit og á Norðurlandi en ekki var nú farið mikið lengra í þá daga. Á unglingsárunum var blakið orðið allsráðandi á Húsavík og ég náði að taka þátt í því áður en haldið var í nám í menntaskólanum á Laugarvatni.

Keppnisharka á leikjanámskeiðum
Í tengslum við nám við íþróttakennaraskóla Ís-



Friður hópur blakfólks frá Völsungi.

lands hóf ég störf sem þjálfari og skipulagði einnig leikjanámskeið Völsungs nokkur sumur. Haldin voru mót fyrir aðstandendur þar sem börnin skipulögðu keppni og útbjuggju verðlaun. Sjaldan hefur verið eins mikil keppnisharka á mótum, ekkert var gefið eftir í pokahlaupi, eggjahlaupi og

eltingaleik þar sem börnin máttu forða sér, slíkur var hamangurinn. Mér er mjög minnisstætt að Beysi kom alltaf að loknu námskeiði með gjöf frá Völsungi til mín, oftast styttur af litlum börnum að leik. Ég tók þetta mér til fyrirmyndar og margir eiga frá mér litlar gjafir að loknum verkefnum.

Ég þjálfaði frjálsar íþróttir nokkur sumur og það er eftirminnilegt augnablik þegar ónefndir íþróttamenn sögðust bara geta hitað upp sjálfir, þeim fannst óþarfi að fylgja fyrir mælum nýs þjálfara. Ég tók starf mitt alvarlega og sagði að annaðhvort fylgdu þeir fyrir mælum eða slepptu því að mæta. Svona byrjaði nú þjálfaraferillinn en allir mættu áfram og sýndu góðan árangur. Tíminn á frjálsíþróttavellinum var mjög litríkur og það er eins og farið sé aftur í tíma að mæta norður nú 30 árum síðar og sjá enn við störf sama frjálsíþróttþjálfarann, Jón Friðrik Benónýsson.

Félagslegi þátturinn skiptir mestu máli

Blaktímabilið var einstakt. Þegar ég var á Húsavík við kennslu árin 1985 - 1989 vorum við pabbi að þjálfar saman blak, ég var með kvennaliðið og hann með karlaliðin. Það var einstök stemming í hópnum og eftirminnilegar æfingaferðir voru farnar í nágrannasveitarfélögin. Þá skipti engu máli



Árný Björns í baráttunni



Úr myndasafni Péturs Helga Péturssonar.

Þó aðstæður væru ekki fyrsta flokks, félagslegi þátturinn og áhersla á samkennd og samvinnu var ekki síður mikilvægur en tæknilegu atriðin. Allir gátu nýtt sína styrkleika og þarna kom vel í ljós að ef allir ná að virkja sína hæfileika verður heildarútkoma góð. Bæði liðin urðu skólameistarar og karlaliðið Íslandsmeistarar, en í raun var það þó félagslegi þátturinn sem var stærsti ávinningurinn og það sem í dag eins og þá skiptir mestu máli fyrir ungt fólk.

Frumkvöðull í aerobic

Það var spennandi að innleiða nýjungar í starf Völsungs en ég var fyrst til að bjóða upp á æfingar í aerobic eða þolfimi árið 1985. Konur á öllum aldri mættu í tímana, tónlistin var sett í botn og ekkert var gefið eftir. Ég vissi að þetta form hentaði ekki öllum og setti á fót sértíma þar sem blandað var saman styrktaræfingum í líkamsræktartækjum og dýnuæfingum. Þar var einnig samstarf við næringar-

fræðing. Þessar einföldu en markvissu æfingar ásamt áherslu á mataræði höfðu þau áhrif að á árhátíð sjúkrahússins var lýst eftir starfsfólki 1. hæðar. Túlki það hver sem vill. Gífurleg eftirspurn var öll árin og það var erfitt að kveðja þessar einstöku konur. Farið var í ævintýraferð til Flateyjar, á gönguskíði og út að borða en félagskapurinn var ekki síður mikilvægur en æfingarnar.

Í raun má segja að Völsungur sé eins og hluti af fjölskyldunni. Það var aldrei litið á það sem vinnu að starfa fyrir Völsung, það var einfaldlega sjálfsagt mál. Það er einstakt að upplifa þá miklu hlýju og samkennd sem er ráðandi þegar gamlir Völsungar koma saman. Það eru forréttindi að vera hluti af þessum hópi. Það sem upp úr stendur er þó að upplifa gleði foreldra minna þegar þau ræða um eða hitta gamla Völsunga, þar er gagnkvæm virðing, hlýja og einlæg væntumþykja.

Áfram Völsungur!

Villi og Védís heiðruð




Fyrr á þessu ári voru þau heiðurshjón Vilhjálmur Pálsson og Védís Bjarnadóttir til blakípróttarinnar á Húsavík. Þau hjónin komu til Húsavíkur upp úr 1960 og reistu þann grunn sem blakmenning Húsavíkur stendur á í dag. „Með jákvæðni, baráttu og trú komu þau blakmenningu okkar af stað. Síðan þá hafa margir góðir tekið við keflinu og í dag sjáum við, að við eigum mjög svo mikið af efnilegu blakfólki, sem mun áfram halda blakinu á lofti hér á Húsavík,“ sagði Erla Bjarnadóttir í ræðu við tilefnið. „Á þessum tímamótum viljum við í Blakdeild Völs-

ungs, heiðra Vilhjálmi Pálsson og Védísi Bjarnadóttur fyrir óeigingjarnt starf í þágu blaksins á Húsavík. Þau eru svo sannarlega búin að standa vaktina og eru enn að. Fyrstu gestir í hús um helgina voru þau hjónin, því eftir að þau hættu störfum sem þjálfarar, hefur annað hlutverk tekið við hjá þeim; þau eru klárlega stuðningsmenn nr. 1.,“ sagði jafnframt í ræðunni.

Handhafar hvatningarverðlauna blakdeildar Völsungs þau Arney Kjartansdóttir og Andri Már Sigursveinsson afhentu Védísi og Vilhjálmi þakklætisvott frá blakdeildinni.



Eyrún Sveinsdóttir öflug í hávörninni.



Völsungar hafa átt fjölmörg sigursæl blaklið í gegnum tíðina.



Koma svo grænir!



Samferða Völsungi
síðan 1927

Velkomin í
Landsbankann

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

